


ÁRSSKÝRSLA LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS 2023

Misbrigði
02.11.23
(Svartikassinn)
18:00 & 19:00



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts



ÁRSSKÝRSLA 2023

EFNISYFIRLIT

ÁVARP REKTORS	4
LISTAHÁSKÓLINN Í TÖLUM	7
SVIÐ KVIKMYNDALISTAR, SVIÐSLISTA OG TÓNLISTAR	9
Kvikmyndalistadeild	
Sviðslistadeild	
Tónlistardeild	
SVIÐ ARKITEKTÚRS, HÖNNUNAR OG MYNDLISTAR	17
Arkitektúrdeild	
Hönnunardeild	
Myndlistardeild	
SVIÐ AKADEMÍSKRAR ÞRÓUNAR	27
Listkennsludeild	
Stuðningur við rannsóknir	
Stuðningur við kennslu og kennsluþróun	
Alþjóðaskrifstofa	
Bókasafn	
Verkstæði	
REKSTUR, FJÁRMÁL OG STOÐÞJÓNUSTA	35
Rekstur og fjármál	
Húsnæðismál	
Gæðamál	
Kynningarmál og viðburðir	
Mannauðsstjórnun	
Náms- og starfsráðgjöf	
Námsþjónusta / nemendaskrá	
Opni Listaháskólinn	
Upplýsingatækni	
STJÓRN, RÁÐ OG NEFNDIR	40

ÁVARP REKTORS

Undirrituð tók við keflinu sem nýr rektor Listaháskólans þann 1. ágúst síðastliðinn. Fyrstu vikurnar í starfi fóru í að setja mig inn í viðamikla þætti starfseminnar með það að markmiði að kortleggja mikilvægustu umbóta-verkefni framundan. Greiningarvinna á stefnu og skipuriti skólans var sett í forgang með það að markmiði að fá skýra mynd af innra skipulagi skólans og skoða hvernig við gætum náð betri árangri með skýrum hlutverkum og skilvirkum boðleiðum. Meginmarkmið þessarar vinnu var að auka gæði náms og verða leiðandi á okkar sviði.

Undirbúningur við stefnumótun skólans til næstu ára fór af stað í kjölfarið og mér var það afar mikilvægt að við myndum vinna nýja stefnu með aðkomu starfsfólks og nemenda. Þjóðfundur alls starfsfólks ásamt fulltrúum nemenda var haldinn í Tollhúsinu í október þar sem tekið var breitt samtal um helstu áherslur næstu ára. Lögð var áhersla á að allir hefðu rödd og að allir gætu kosið um grunnstef og leiðarljós stefnunnar. Í þessu samtali einblíndum við á að skilgreina kjarna starfseminnar og tilgang. Að loknum tveggja daga fundi var unnið úr gögnum og þau sett í frekari úrvinnslu innan skólans og rafræn kosning fór fram meðal alls starfsfólks. Samtöl fóru einnig fram á starfsmannafundum sem og í minni vinnuhópum. Vinnunni miðar vel áfram og ný stefna mun líta dagsins ljós á vormánuðum.

Samhliða stefnumótunarvinnu fór fram greining á skipuriti skólans með aðkomu helstu stjórnenda skólans. Skoðað var hvernig við gætum skilgreint hlutverk og boðleiðir betur til þess að ná meiri árangri í starfsemi skólans. Nýtt skipurit var kynnt fyrir starfsfólki í mars og mun það taka gildi frá 1. ágúst n.k.

Helstu breytingarnar í nýju skipuriti felast í breyttu hlutverki sviðsforseta en í stað sviðsforseta koma tveir aðstoðarrektorar, annars vegar aðstoðarrektor náms og kennslu og hins vegar aðstoðarrektor rannsóknar og þróunar. Þetta er sambærilegt við þá háskóla sem við berum okkur saman við og gefur stjórnendum meira rými fyrir stefnumótandi ákvarðanir. Einnig verður innleitt nýtt stoðsvið þvert á skólann, svið samfélags og sjálfbærni en þar liggja fjölmörg sóknarfæri í samfélagslegum verkefnum skólans m.a. með eflingu opna lista-háskólans.

Eitt af markmiðum mínum var að auka samtal við nemendur og í vetur hafa verið mánaðarlegir fundir með rektor og stúdentaráði þar sem þau fá tækifæri til þess að koma sínum hugleiðingum og sjónarmiðum áleiðis til rektors milliliðalaust. Einnig hafa fulltrúar stúdentaráðs tekið virkan þátt í fagráði skólans.

Nýtt reiknilíkan háskóla var kynnt til sögunnar á haustmánuðum af hálfu stjórnvalda en nýja líkanið leysir af hólmi reiknilíkan frá árinu 1999 sem var komið til ára sinna. Nýja líkanið er áþekkt því sem þekktist á Norður-löndunum og fjármögnun háskólanna verður árangurstengd út frá kennslu, samfélagslegu hlutverki og rannsóknum. Stærsta breytingin í nýju líkani er áherslan á brautskráningar nemenda. Einnig er listnám í fyrsta sinn flokkað í efsta flokki út frá kostnaði náms.

Tímamót urðu í sögu skólans þegar háskólaráðherra bauð einkareknu háskólunum samhliða innleiðingu nýs reiknilíkans að þiggja fulla fjármögnun og þar með niðurfellingu skólagjalda. Þetta er mikið framfaraskref enda höfum við lengi bent á það ójafnræði sem felst í því að háskólanám í listum sé bundið skilyrðum um skólagjöld umfram nám í öðrum háskólagreinum. Með afnámi skólagjalda felast jafnari tækifæri til aðgengis að listnámi óháð námsgrein sem er mikið fagnaðarefni.

Ég trúí því að þessi ákvörðun feli í sér enn fjölbreyttari hóp umsækjenda, og þar af leiðandi hóp nemenda, á komandi árum. Sá fjölbreytileiki mun svo að endingu skila sér með ríkum hætti inn í menningu okkar og listir, dýpka og næra til framtíðar.

Mikilvægasta markmið Listaháskólans er að sameina allar starfsstöðvar sínar undir einu þaki þar sem nemendur geta blómstrað sem aldrei fyrr í þverfaglegum skóla í takti við kröfur samtímans. Mikill áfangasigur var því unninn á haustmánuðum þegar tilkynnt var að fjármagn væri nú tryggt til að samkeppni gæti hafist um uppbyggingu Listaháskólans í Tollhúsinu við Tryggvagötu. Vinnu dómnefndar við undirbúning hönnunar samkeppninnar miðar vel áfram og áætlað er að samkeppni hefjist vorið 2024. Áætlað er að ferli samkeppninnar taki um tíu til tólf mánuði en að loknum þeim tíma mun vinningstillaga að nýrri byggingu liggja fyrir og þá verða næstu skref kortlögð.

Listaháskólinn iðar af lífi eins og hann gerir allt árið um kring. Í þessum skóla mótast framtíð menningar og

lista og leiðarljós nýrrar stefnu leggja áherslu á hlutverk skólans sem suðupott skapandi greina, hreyfiafl nýsköpunar og rannsókna sem skila sér beint til samfélagsins í formi verka, samtals og umbreytandi hugmynda. Skapandi hugsun og ræktun hennar eru lykilþættir þegar kemur að helstu áskorunum framtíðarinnar. Í raun trúí ég því að skapandi hugsun sé lykillinn að allri framþróun enda er það skapandi hugsun sem hreyfir við samfélögum og umbyltir hugmyndum.

Við horfum því björt fram á veginn og til framtíðar.



Kristín Eysteinsdóttir, rektor



LISTAHÁSKÓLINN Í TÖLUM

665

VIRKIR NEMENDUR
HAUSTIÐ 2023

62,7%

NEMENDA VORU KONUR,
36,8% KARLAR OG 0,5%
KVÁR

539

UMSÓKNIR BÁRUST UM
SKÓLAVIST ÁRIÐ 2023

40,3%

UMSÆKJENDA VORU
TEKNIR INN Í NÁM

812

NÁMSKEIÐ KENND Á
ÁRINU 2023

27,9

ÁR VAR MEÐALALDUR
NEMENDA HAUSTIÐ 2023

145

FASTRÁÐNIR STARFS-
MENN STÖRFUÐU Á
ÁRINU 2023

110

STÖÐUGILDI
FASTRÁÐINNA

624

STUNDAKENNARAR OG
VERKTAKAR ÁRIÐ 2023

30,9

STÖÐUGILDI STUNDAKENN-
ARA OG VERKTAKA

0,029%

LAUNAMUNUR Á MILLI KYNJA
VORIÐ 2023 (TÖLFRÆÐILEGA
ÓMARKTÆKUR MUNUR)

70.000

EINTÖK ERU Í SAFN-
KOSTI BÓKASAFNS SEM
FYLLIR 811 HILLUMETRA

14.576

FERMETRAR BYGGINGA
OG SEX MISMUNANDI
LEIGUSALAR

7

BYGGINGAR Í ÞREMUR
PÓSTNÚMERUM

380


VIRÐBURÐIR HALDNIR
ÁRIÐ 2023

Alls voru 665 nemendur við nám í Listaháskólanum í október 2023, þar af voru 417 konur, 245 karlar og 3 kvár.


Nemendur í meistaranámi voru 157 og nemendur í bakkalárnámi voru 508.

Árið 2023 bárust 539 umsóknir (ekki var tekið inn í sviðslistadeild þetta árið). Um haustið hófu 217 nýnemar nám og inntökuhlutfallið var 40% í heild fyrir skólann. Árið 2023 brautskráðust alls 187 nemendur.

Fjöldi nemenda haustið 2023 eftir deildum



Inntökuhlutfall vorið 2023 eftir deildum





SVIÐ KVIKMYNDALISTAR, SVIÐS-LISTA OG TÓNLISTAR

Á sviði kvikmyndalistar, tónlistar og sviðslista er boðið upp á 14 námsbrautir, 10 á bakkalárstigi og fjórar á meistarastigi. Námsbrautirnar eru:

Kvikmyndalistdeild

Kvikmyndagerð (180 ETCS)

Sviðslistadeild

Alþjóðlegt bakkalárnám í samtímadansi (180 ECTS)

Alþjóðlegt meistaránám í sviðslistum (120 ECTS)

Leikaranám (180 ECTS)

Sviðshöfundanám (180 ECTS)

Tónlistardeild

Hljóðfæraleikur (180 ECTS)

Söngur (180 ECTS)

Klassísk söng-/ hljóðfærakennsla (180 ECTS)

Rytmísk söng-/ hljóðfærakennsla (180 ECTS)

Kirkjutónlist (180 ECTS)

Skapandi tónlistarmiðlun (180 ECTS)

Tónsmíðar / nýmiðlar (180 ECTS)

Tónsmíðar (120 ECTS)

Sköpun, miðlun og frumkvöðlastarf (120 ECTS)

Söng- og hljóðfærakennsla (120 ECTS)

KVIKMYNDALISTADEILD

Nemendur, kennarar og aðstaða

Haustið 2023 hófst annað starfsár deildarinnar, og buðum við annan árganginn velkominn í BA námið. Næsta skólaár tökum við svo inn þann þriðja, og verða nemendur okkar þá 36 talsins hverju sinni.

Fyrsti árgangurinn í BA náminu hóf þá sitt annað skólaár, en þá byrjar hver og einn nemandi að færa sig nær sérgrein innan kvikmyndagerðar, en valáfangar annars árs kynna hvert áherslufag betur til sögunnar. Þessi árgangur mun útskrifast á næsta ári, og verður það í fyrsta sinn í sögu Íslands að háskólagráða er veitt í kvikmyndagerð.

Í lok árs var Guðrún Elsa Bragadóttir ráðin sem lektor og fagstjóri fræða og er deildin nú skipuð fjórum háskólakennurum, einum aðjúnt, og einum tækni- og þjónustufulltrúa, auk þeirra fjölmörgu kvikmynda-gerðarmanna sem koma til liðs við okkur sem stundakennarar.

Þessi hópur nemenda og kennara hefur haft sitt aðal aðsetur í Borgartúni 1, þar sem mest af okkar kennslu hefur farið fram. En um haustið stækkuðum við okkur, og tókum í notkun rými hinum megin við götuna í Þórunnartúni 2. Til viðbótar við aðstöðu okkar í Borgartúni bætast þá við fleiri kennslustofur, stærri kaffistofa nemenda, sem og betrubætt klippiaðstaða.

Meistaraspjall og vettvangsferðir

Árið 2023 komu eftirfarandi gestir til okkar í meistaraspjall og deildu reynslu sinni og innsýn með nemendum:

- Guðmundur Arnar Guðmundsson
- Sigurjón Sighvatsson
- Sigurrós Hilmarsdóttir
- Benedikt Erlingsson
- Ágúst Guðmundsson
- Silja Hauksdóttir
- Hilmar Oddsson
- Hafsteinn Gunnar Sigurðsson
- Uglá Hauksdóttir
- Erlingur Óttar Thoroddsen
- Katrín Björgvinsdóttir
- Gísli Snær Erlingsson
- Valdimar Jóhannsson og Sara Nassim

Vettvangsferðir nemenda eru nú orðnar að árvissum viðburðum, en þeim er ætlað að kynna nemendur okkar fyrir hagsmunaaðilum í íslensku kvikmyndagerðarumhverfi. Í ár fóru nemendur, eins og áður, í eftirfarandi fyrirtæki og stofnanir

- Bíó Paradís
- Kvikmyndamiðstöð Íslands
- Kvikmyndasafn Íslands
- Kúkl
- Trickshot

Alþjóðlegt samstarf

Deildin verður sífellt virkari þátttakandi í tveimur staðbundnum samstarfsnetum: Nordicil og NordFilm.

Nordicil eru norræna samstarfsnetið, en meðlimir þess hittast reglulega á fjarfundum og að minnsta kosti einu sinni á ári í eigin persónu. Starfsemi Nordicil felst meðal annars í því að setja sameiginleg markmið um nemenda- og kennaraskipti, sjálfbærni, og áskoranirnar sem fylgja nýrri tækni. Næstu skref eru að safna saman nemendum í sameiginlegt námskeið á Kvikmyndahátíðinni í Gautaborg 2025.

NordFilm er samstarfsnet skóla frá Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjum, en því tilheyra 11 skólar. Meðal þess helsta sem NordFilm fæst við er að skapa tækifæri til þátttöku í hraðnámskeiðum (e. express mobility) og skipuleggja Nord Creative Camp, sumarþúðir fyrir nemendur úr aðildarskólunum á strönd Litháen við Eystrasaltið. Deildin okkar er um þessar mundir að skipuleggja árlegan fund NordFilm, sem við munum sjá um í apríl 2024 í samvinnu við Stockfish, kvikmynda- og ráðstefnuhátíð fagfólks í kvikmyndabransanum.

Í nóvember á síðasta ári tókum við þátt í ráðstefnu CILECT í Róm. CILECT eru alþjóðasamtök kvikmyndaskóla, með aðildarskóla víðsvegar í heiminum.



SVIÐSLISTADEILD

Sviðslistadeild Listaháskólans er samfélag nemenda og kennara þar sem skapandi og gagnrýnin hugsun er í forgrunni og hvatt er til tilrauna. Í sviðslistadeild er stefnt að því að mennta sjálfstætt og skapandi sviðslistafólk sem hefur yfirgripsmikla þekkingu og þjálfun í sínu fagi, góðan tæknilegan grunn, færni og hugrekki til þess að takast á við fjölbreytilegt starfsumhverfi sviðslista.

Sviðslistadeild stóð á árinu fyrir fjölda viðburða og sýninga sem endurspeglu námið, svo sem kynningar á afrakstri námskeiða, samstarfi námsleiða, einstaklingsverkefni og lokaverkefni. Auk þess sem haldnar voru málstofur og málþing um fagleg málefni sviðslista.

Alþjóðlegt samstarf er mikilvægt í deildinni og fleiri nemendur en áður nýttu sér kost á að fara í skiptinám og/eða starfsnám erlendis. Skiptinemar og kennarar frá erlendum menntastofnunum voru að vanda tíðir gestir í skólastarfinu og deildin tók þátt í alþjóðlegum samstarfsverkefnum og sviðslistahátíðum.

Sviðslistadeild Listaháskólans vann að því að efla tengsl við fagvettvang. Deildin á í góðu sambandi við grasrót íslenskra sviðslista og er einnig í samstarfi við helstu sviðslistastofnanir og hátíðir í landinu eins og Þjóðleikhúsið, Leikfélag Akureyrar, Útvarpsleikhúsið, Íslenska dansflokkinn, LÓKAL alþjóðlega leiklistarhátíð og Reykjavík Dance Festival.

Í sviðslistadeild er boðið upp á fjórar námsleiðir: leikaranám, samtímadansnám, sviðshöfundanám og meistaranám í sviðslistum. Nám til bakkalárgráðu er þriggja ára nám, 180 ECTS einingar, en nám á meistarastigi er til tveggja ára, 120 ECTS einingar. Inntökupróf er inn á allar námsleiðir deildarinnar. Þriðja hvert ár eru ekki teknir inn nýir nemendur í sviðslistadeild á BA stigi. Árið 2023 var rólegt að því leiti að hvorki var tekið inn né heilir árgangar útskrifaðir af bakkalárnámsleiðum deildarinnar.

Meistaránámið í Sviðslistum sem hafði verið í hvíld skólaárið 2022-2023 fór af stað að nýju með endurskoðuðu sniði. Átta nemendur hófu nám á námsleiðinni nú sem tveggja ára (120 ECTS) rannsóknarmiðað nám til MA gráðu. Námið er hugsað fyrir listamenn sem vilja þróa aðferðir sínar og gera tilraunir og rannsóknir innan sviðslista. Námið fer fram á ensku.

Sviðslistadeild setti inngildingarmálin á dagskrá af fullum krafti á árinu og átti deildin í víðtæku samráði við fjölbreytta jaðarsettra hópa hingað til hafa ekki talið sig eiga erindi í nám við Listaháskólann. Ein aðgerð sem ráðist var í, var að standa fyrir námskeiðum fyrir væntanlega umsækjendur í samstarfi við Fjölmennit undir heitinu *Brúum bilið*. Skemmst er frá því að segja að námskeiðin seldust upp á met tíma og skiluðu fjölbreyttari hópi umsækjenda um nám við deildina.

Leiðarljós sviðslistadeildar:

- Við nálgumst listina af virðingu og auðmýkt
- Við höfum hugrekki til að takast á við samtímann
- Við notum söguna sem stökkpall inn í framtíðina
- Við erum forvitin, víðsýn og framsækin
- Við tökum áhættu



TÓNLISTARDEILD

Hlutverk tónlistardeildar er að undirbúa tónlistarfólk fyrir störf í tónlist á breiðum grundvelli. Markmiðið er að nemendur tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð, auki við þekkingu sína og færni og rækti sjálfa sig sem sjálfstæða listamenn.

Nemendur

Árinu 2023 stunduðu 135 nemendur nám við Tónlistardeild. Heildarfjöldi útskrifta var 55. Á báðum öðrum var boðið var upp á nám á átta námsleiðum á bakkalárstigi (klassískum hljóðfæraleik, klassískum söng, kirkjutónlist, hljóðfæratónsmíðum, nýmiðlatónsmíðum, klassískri hljóðfæra- og söngkennslu, rytmískri hljóðfæra- og söngkennslu, og skapandi tónlistarmiðlun.) Þá voru þrjár námsleiðir á meistarástigi: tónsmíðar, klassísk hljóðfæra- og söngkennsla (um vor) og NAIP (evrópskt meistaranám í sköpun, miðlun og frumkvöðlastarfi).

Úr skólaflokknum

Nýr deildarforseti var skipaður haustið 2023, Pétur Jónasson, og tók hann við af Tryggva M. Baldvinssyni sem gegnt hafði embættinu um níu ára skeið. Eitt af hans fyrstu verkefnum var að undirbúa skipulagsbreytingar á deildinni með það að markmiði að þær taki gildi um haust 2025. Nokkur vinna hafði verið í gangi í þessu tilliti á misserunum þar á undan. Pétur kynnti sínar tillögur í nóvembermánuði að undangenginni rýnivinnu og í nánu samráði við yfirstjórn skólans, þá sérstaklega sviðsforseta sem og nýjan rektor. Hann skipaði í kjölfarið starfshópa og hóf samtöl við fag- og hagaðila sem og starfsmenn deildarinnar auk nemenda.

Starfsfólk tónlistardeildar tók virkan þátt í vinnu við mótun nýrrar stefnu LHÍ, fyrst með fundum í Tollhúsinu um haustið þar sem tillögu deildarinnar að lykilstrengingum var vel tekið og virðist munu nýtast vel við lokaútgáfuna. Þá var deildarforseti beðinn um að vinna nánari hugmynda- og textavinnu í fámennari hóp starfsmanna ásamt rektor. Húsnæðismál voru áberandi í umræðunni á haustönn en m.a. kom í ljós að rými skorti tilfinnanlega til kennslu og æfinga enda er Tónlistardeild sú fjölmennasta í skólanum. Ofan á þetta bættust mál sem sneru að leka á einni hæðinni. Þetta setti óneitanlega mark á alla vinnu í deildinni. Úrbætur voru þó ávallt í sjónmáli sem auðveldaði það að takast á við ofangreint.

Helstu verkefni og viðburðir

Af innlendum vettvangi má nefna fasta liði eins og *Gleym-mér-ei* tónleikaröð klassísku söngnámsleiðarinnar sem færðist á árinu í Hafnarhúsið við Tryggvagötu, röð stuttra hádegistónleika sem opnir eru almenningi, endurgjaldslaut, og hlotið hefur mjög jákvæðar móttökur. Þá réðst söngdeildin í það stórvirki að setja upp *Töfraflautuna* eftir Mozart, í Laugarnesi, fulla sviðsetningu ásamt hljómsveit sem bar hróður klassíska söngsins í LHÍ enn víðar.

Meistaraneimar í tónsmíðum héldu útskriftartónleika sína að venju í Kaldalóni í Hörpu, nokkuð sem er til eftirbreytni fyrir báða aðila, Hörpu og LHÍ, enda eðlilegt að nemendur á hæstu námsstigum í tónlist á Íslandi fái verk sín flutt við bestu aðstæður. *Ómkvörnin*, brautartónleikar bakkalárnema í tónsmíðum, færði út kvíarnar og bauðst öllum nemendum deildarinnar að flytja tónverk sín og lög á hátíðinni í lok haustannar. Var það eðli málsins samkvæmt fjölbreyttur gjörningur og stemmning sérlega góð.

Rytmísk kvöld voru haldin reglulega í Stúdentakjallaranum þar sem samspilssveitir rytmíska kennarnámsins fengu þjálfun í að koma fram við aðstæður sem samræmast hefðum þess geira tónlistar. Fjölmenni er jafnan á þessum kvöldum, stúdentar sem og aðrir unnendur rytmískrar tónlistar. Korda, hljómsveit sem stjórnad er af Sigrúnu Griffiths og snýst um að virkja fólk sem hefur af ýmsum ástæðum ekki átt beinan aðgang að tónlistarmenntun, kom fram á glæsilegum uppskerutónleikum í Hörpu um vorið.

Af öðrum innlendum verkefnum má nefna Upptaktinn, tónsmíðaverkefni ungmenna sem rekið er í samstarfi mennta- og barnamálaráðuneytisins og LHÍ, og Ungir einleikarar, keppni hljóðfæraleikara og söngvara í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hápunkturinn keppinnar voru að venju tónleikar þar sem sigurvegarar komu fram sem einleikarar ásamt hljómsveitinni. Ekki þarf að tíunda mikilvægi slíks fyrir ungt tónlistarfólk á frambraut. Nemendur og kennarar tónlistardeildar tóku einnig þátt í Myrkum músikdögum í janúar en unnið var að því að formgera samstarf tónlistardeildar við hátíðina með það að markmiði að auka framlag deildarinnar á vettvangi samtímatónlistar. Á sama tíma var lagður grunnur að formlegri samstarfi

við Sinfóníuhljómsveitina, ekki síst með tónsmíðanemendur í huga.

Af erlendum vettvangi var af mörgu að taka. Deildarforseti og sviðsforseti hafa unnið náið með ANMA (samtökum stjórnenda tónlistarháskóla á Norðurlöndum); ELIA (samtökum evrópskra tónlistarháskóla); og AEC (samtökum stofnana á sviði tónlistar á háskólastigi í Evrópu, Bandaríkjunum og Suðaustur-Asíu). Hér er um að ræða verðmætar tengingar út í alþjóðasamfélagið. Eitt slíkt dæmi er ARTEMIS Cluster, hópur átta evrópskra stofnana, þ. á m. tónlistardeildar, vettvangur þar sem saman koma stjórnendur til að skiptast á hugmyndum og veita hverjum öðrum aðhald í tengslum við skipulagsbreytingar og framtíðarþróun náms.

Meðal erlendra gesta voru Michael Hendrix, hönnuður og sérfræðingur á sviði nýsköpunar, sem ræddi um sköpunarkraftinn sem býr í huga tónlistarfólks og hvernig nýta megi hann í víðu samhengi; Jenny Porton frá tónlistarháskólanum í Wales sem kynnti rannsóknir sínar á bakgrunni nemenda í leiðandi tónlistarháskólum; og hinn þekkti bandaríski djass-saxófónleikarinn Jerry Bergonzi sem kom til landsins á vegum Djasshátíðar í Reykjavík, lék í leiðinni á meistaranámskeiði í Dynjanda ásamt dönskum hljómsveitarmeðlimum sínum og svaraði fyrirspurnum frá fróðleiksþyrstum nemendum og kennurum.

Tónlistardeildin var samstarfsaðili að umfangsmiklu verkefni, NeoArte, sem styrkt var af evrópskum sjóði til eflingar samstarfs milli ríkja evrópskra efnahagssvæðisins og ríkja Evrópusambandsins. Ung tónskáld voru valin frá þremur löndum – Póllandi, Noregi og Íslandi – og hlutu leiðsögn frá þekktum tónskáldum viðkomandi ríkja. Fulltrúi leiðbeinenda frá LHÍ var Bergrún Snæbjörnsdóttir, fagstjóri tónsmíða á bakkalárstigi, en verkin voru fyrir hinn þekhta strengjakvartett Neoarte sem skyldi síðan flytja þau á fjölda tónleika í löndunum þremur á árinu 2024.

Á haustdögum var samstarfi meistaranámsins í tónsmíðum var hrundið af stað við tónlistarháskólann í Bolzano á Ítalíu. Fulltrúar þeirra – kennarar, stjórnandi, tónsmíðanemendur og hljóðfæraleikarar heimsóttu deildina á haustdögum, unnu saman og héldu tónleika en heimsóknin verður endurgöldin á sama hátt vorið 2024. Sambærilegt samstarfsverkefni var í rypmíska náminu þar sem í hlut áttu tónlistarháskólinn í Árósum, tónlistardeild LHÍ og strengjakvartettar frá báðum skólum ásamt rypmasveitum. Auk þess má nefna í þessu samhengi Crossing Keyboards, samstarf klassískra píanónemenda og kennara við Tónlistarháskólana í Stokkhólmi og LHÍ, hvorttveggja meistaranámskeið og tónleikar í báðum löndum.

Á vettvangi rannsókna hlutu um haustið þrír akademískt ráðnir starfsmenn tónlistardeildar rannsóknastyrki, þau Berglind María Tómasdóttir, Peter Maté og Þorbjörg Daphne Hall auk þess sem rannsóknaleyfi var veitt Atla Ingólfssyni sem hann mun nýta síðar. Nýr deildarforseti var beðinn um að kynna sínar rannsóknir sínar á Vísindavöku í Laugardalshöll ásamt tveimur fulltrúum frá öðrum deildum LHÍ. Þá var áfram öflugt rannsóknastarf unnið undir stjórn Þórhalls Magnússonar í Intelligent Instruments Lab, rannsóknaverkefni sem beinist að samspili manns og hljóðfæra með aðstoð gervigreindar.



SVIÐ ARKITEKTÚRS, HÖNNUNAR OG MYNDLISTAR

Á sviði arkitektúrs, hönnunar og myndlistar er boðið upp á níu námsleiðir í þremur deildum:

Arkitektúrdeild

Bakkalárnám í arkitektúr (180 ECTS)
Meistaránám í arkitektúr (120 ECTS)

Hönnunardeild

Bakkalárnám í fatahönnun, grafískri hönnun og vöruhönnun (180 ECTS)
Meistaránám í hönnun (120 ECTS)

Myndlistardeild

Bakkalárnám í myndlist (180 ECTS)
Meistaránám í myndlist og sýningagerð (120 ECTS)

ARKITEKTÚRDEILD

Fimm ára nám í arkitektúr við Listaháskóla Íslands er helgað rannsóknum á merkingu, umfangi og hlutverki arkitektúrs í samfélaginu. Það gerum við með því að veita nemendum þá þekkingu, færni og hugarfar sem nauðsynleg er til að verða gagnrýnir og umhyggjusamir fagmenn sem geta tengst hver öðrum í fjölbreyttu nútímasamfélagi. Við notum Ísland og einstakt samhengi þess sem rannsóknarstofu okkar til arkitektúr-rannsókna án þess að gleyma því að hver staður er hluti af heiminum. Saman stefna nemendur og kennarar að því að byggja upp sterkt samfélag þar sem þeir kanna þá undursamlegu möguleika sem svið arkitektúrs getur skapað.

Þetta samfélag samanstendur af sextíu og átta nemendum, (fimmtíu og tvö þeirra eru í BA-námi og sextán í meistaranámi), fimm fastráðnum kennurum og sextíu og fimm sérfræðingum á mismunandi fræðasviðum sem öll hafa lagt mikið af mörkum til námsumhverfis deildarinnar. Þrjátíu og tvær þeirra eru konur og sex virtir erlendir gestaprófessorar.

Arkitektúrdeild hefur verið virk í samfélaginu og skipulagði eftirfarandi meginviðburði árið 2023:

- Fjórtán opnir fyrirlestrar eftir heimsþekkt fagfólk, þar á meðal Dag Eggertsson, Elisabeth Bernard, Charles Durrett, Nicholas Coates, Nikolaus Hirsch, Tatiana Bilbao, Jan de Vylder og Jukka Taneli Heinonen.

Tvö námskeið:

- *Carousel Village*, undir leiðsögn Jan de Vylder, Inge Vinck og Dags Eggertssonar frá Rintala Eggertssyni arkitektum í samstarfi við Góða hirðinn og Sorpu (24.03).
- *City of Rooms*, undir forystu Tatiana Bilbao (02.-06.10).

Tvær alþjóðlegar ráðstefnur:

- Fyrsta ACSA/EAAE kennararáðstefnan, "*Educating the Cosmopolitan Architect*," fór fram í Hörpu dagana 22.-24. júní og var fundarstjóri Massimo Santanicchia. Ráðstefnan var tileinkuð því að kanna rými og kennslufræði til að þróa hugmyndir um heimsborgararétt í arkitektamenntun. Viðburðurinn laðaði að sér hundrað sjötíu og einn þátttakanda frá níutíu og átta skólum og tuttugu og fimm löndum. Aðalfyrirlesarar: Jenni Reuter, Anupama Kundoo og Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra Íslands.
- Seinni ráðstefnan var einnig haldin í Hörpu dagana 11. til 13. október, þegar fimmtíu fræðimenn frá þrjátíu og fjórum löndum og sex heimsálfum (alls hundrað og áttatíu þátttakendur) hittust til að ræða arkitektúr og umhverfi á þemaráðstefnu *European Architectural History Network (EAHN): The Third Ecology*. Ráðstefnan var samstarfsverkefni EAHN, Ambasz Institute við Museum of Modern Art (MoMA) í New York, og LHÍ. Fundarstjóri var Fríða Björk Ingvarsdóttir, fyrrverandi rektor, og með henni voru Carson Chan, forstöðumaður Ambasz stofnunarinnar, og Óskar Örn Arnórsson frá LHÍ.

Tvær sýningar:

- BA: *Rafall//Dynamo*. Sýning á verkefnum þriðja árs í Hafnarhúsinu sem hófst 18. Maí.
- MArch: *Architectures of Care*. Sýning á útskriftarverkefnum í Hegningarhúsinu sem hófst 4. júní.
- Samhliða þessum merkilegu atburðum hefur arkitektúrdeildin skipulagt heimsókn á Feneyjatvíær-inginn í arkitektúr 2023 og IUAV, arkitektaskólann í Feneyjum á Ítalíu frá 31. október til 5. nóvember.

HÖNNUNARDEILD

Nám í hönnunardeild hefur að markmiði að mennta nýja kynslóð hönnuða sem hefur burði til að takast á við verkefni samtímans og áskoranir framtíðar á sínu fagsviði. Nemendur, sem á árinu voru 125 talsins, ásamt þeim tugum kennara og gesta sem koma að starfi deildarinnar ár hvert, mynda fjölbreytt og kraftmikið lærdóms-samfélag sem er greinandi og skapandi, gerir tilraunir og þróar lausnir að listfengi nýrra tíma. Fastráðnir starfsmenn deildarinnar voru 14 á árinu og fylltu þeir rúm 11 stöðugildi að deildarforseta meðtöldum. Námsleiðir hönnunardeildar eru fatahönnun, grafísk hönnun og vöruhönnun á BA stigi og ein námsleið alþjóðlegs meistarnáms, MA Design and New Environments (Hönnun, umhverfi og áskoranir, MA í hönnun) sem hóf göngu sína haustið 2023 eftir endurskoðun eldri námsleiðar. Ásamt kennsluskrá hverrar námsleiðar tekur hönnunardeild þátt í fjölbreyttum alþjóðlegum og innlendum samstarfsverkefnum.

Helstu áfangar, verkefni, sýningar og samstarf

BA hönnun

Vorönn 2023

Birkivist

Námsleið vöruhönnunar er hluti af samstarfsverkefninu *Birkivist* sem leitt er af Guðbjörgu R. Jóhannesdóttur, dósentis við listkennsludeild, og tekur Rúna Thors, lektor í vöruhönnun, þátt í verkefninu fyrir hönd deildarinnar. Í verkefninu eru greindar helstu hindranir og tækifæri fyrir náttúrulegt landnám birkis og hvernig samfélagslegir þættir hvetja eða letja endurheimt þess. Samstarfsaðilar verkefnisins, auk LHÍ, eru LBHÍ, HÍ, Skógræktin, Svarmi ehf. og Gró-LRT. Á vorönn 2023 stýrðu Tinna Gunnarsdóttir og Rúna Thors námskeiðinu Tilraunastofa þar sem nemendur á öðru ári í vöruhönnun tóku fyrir birki í rannsóknnum sínum og tilraunum. Afraksturinn var á sýningunni Birkiverk/Birchcraft sem haldin var í Skógræktarfélagi Kópavogs. <https://birkivist.is>

Algæ for Design-Led Transition towards Blue Bio-Economy

Verkefnið er samstarf vöruhönnunar, Aalto University í Helsinki og Estonian Academy of Arts í Tallinn. Markmið þess er að móta ný tækifæri út frá þörungum sem sjálfbærri lífrænni auðlind á Norðurlöndunum og Eystrasalts-svæðinu. Alls tóku 13 stofnanir þátt í verkefninu og virkjuðu þannig samtali milli háskóla, rannsóknarsetra, vísindamanna og lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem öll tengjast ræktun og vinnslu þörunga á einn eða annan hátt. Þá var samvinnu við Svefneyjar á Breiðafirði komið á laggirnar varðandi möguleika á nýtingu þara sem vex við eyjarnar.

Balenciaga safnið

Námsleið fatahönnunar hefur undanfarin ár tekið þátt í alþjóðlegu verkefni og samkeppni virtra listaháskóla um allan heim í samstarfi við Balenciaga safnið í Getaria á Spáni. Nemendur á öðru ári, ásamt Katrínu Maríu Káradóttur prófessor í fatahönnun, heimsóttu safnið og kynntust verkum haute-couture meistarans Cristobal Balenciaga. Í kjölfarið unnu nemendur fatalínu sem innblásin er af verkum hans og kepptu um að taka þátt í sýningu á safninu. Á árinu var undirritaður samstarfssamningur við safnið sem gerir nemendum kleift að ferðast með Erasmus+ styrk til þátttöku á Spáni.

Kvikmyndahátíð

Kvikmyndahátíð hönnunardeildar Listaháskóla Íslands var ýtt úr vör á árinu en hún var haldin í Norræna húsinu á Hönnunarmars. Verkefnið leiddu Elín Margot Ármannsdóttir og Lee Lorenzo Lynch. Á hátíðinni voru sýndar stuttmyndir eftir nemendur og kennara hönnunardeildar sem sýna hvernig hönnuðir nýta kvikmyndamiðilinn til að lýsa viðfangsefnum og hönnunarferli í verkefnum sínum, oft í formi frásagnagerðar sem veitir innsýn og ferskt sjónarhorn á efniviðinn.

20

BA sýning útskriftarnema

Fjölbreytni og kraftur einkenndi BA sýningu útskriftarnema í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, í maí. Sýningin bar yfirskriftina *Rafall/Dynamo* en hér er í senn vísað í flæði og hreyfingu rafalsins og nemendur sjálfa sem sýndu seiglu í heimsfaraldri og virkjuðu sköpunarkraftinn í náminu. Sýningarstjórar voru akademískir starfsmenn deildar, þau Rúna Thors, Adam Flint Taylor og Þórunn María Jónsdóttir.

Haustönn 2023

Ferð til Seili

Nemendur í vöruhönnun, ásamt fagstjóra, Elínu Margot Ármannsdóttur, tóku þátt í vinnustofu í Seili Marine Station í Finnlandi á vegum Nordplus og Erasmus+. Aðrir skólar sem tóku þátt voru Aalto í Finnlandi og EKA í Eistlandi, ásamt fjölda vísindamanna frá KTH, Kristineberg Marine Station í Svíþjóð, Helsinki University, Uniarts Helsinki og University of Turku. Markmið verkefnisins var að rannsaka mögulega notkun þara í Skandinavíu í bláa hagkerfinu.

Ef hval rekur á fjörur manns

Nemendur á þriðja ári í vöruhönnun, undir leiðsögn Rúnu Thors og Önnu Diljá Sigurðardóttur, unnu verkefnið *Stefnumót við hvali* í samstarfi við HÍ og Hafrannsóknastofnun Íslands. Verkefnið fór fram víða, m.a. í vinnusmiðju og með þátttöku í hátíðinni Hönnunarþing á Húsavík. Markmiðið var að sýna mikilvægt hlutverk hvala í íslenskri menningu og efnahagslífi í nýju ljósi. Afrakstur verkefnisins var sýndur á stórrí sýningu við Laugaveg 105 sem bar yfirskriftina *Ef hval rekur á fjörur manns*.

Krónan

Námsleið vöruhönnunar og meistaranáms í hönnun, MA Design and New Environments, hófu samstarf við Krónuna á haustmánuðum sem flétt er inn í námskeiðskúrsa á BA- og MA-stigi. Á BA-stigi rannsökuðu nemendur í vöruhönnun sögulega þróun matvælatækni og framleiðslu og unnu með ímyndaða framtíð þess í námskeiðinu Vísindi og Menning. Krónan bauð upp á fjölmargar heimsóknir í aðstöðu sína auk ráðgjafar um verkefni nemenda. Undirritaður var samningur um samstarf til þriggja ára og verður útkoman sýnd árlega á HönnunarMars.

Water Trilogy

Verkefnið *Water Trilogy* er samstarf vöruhönnunar við LHÍ og hönnunardeilda listaháskólanna KABK í Den Haag og UDK í Berlín. Verkefnið var styrkt af Erasmus+ og leiddi Anna Diljá Sigurðardóttir verkefnið fyrir hönd LHÍ. Markmið verkefnisins var að rannsaka vatn sem þema í lífi og menningu á mismunandi stöðum og fór samstarfið eða „Vatnsþrífleikurinn“ fram í þverfaglegum vinnustofum á Íslandi, Den Haag og Berlín á rúmu ári. Vinnustofan á Íslandi lagði áherslu á jarðhita og fór hún fram í Hveragerði og Reykjadal. Í Berlín/Brandenburg og den Haag könnuðu nemendur staðbundna vatnsmenningu með aðferðum lista, vísinda og hönnunar.

Námsferð til London

Nemendur á þriðja ári í grafískri hönnun heimsóttu London undir leiðsögn gestaprófessors brautarinnar, Fraser Muggeridge. Í ferðinni voru hönnunarstofur heimsóttar, skólar, sýningar tengdar grafískri hönnun og bóka- og skjala-söfn. Meðal staða sem heimsóttir voru eru Wellcome Collection Library, University of Art London (áður Central Saint Martins), Pentagram, The British Library, The V&A Museum, og The Design Museum.

Afhjúpun: Keldur í nýju ljósi

Annað ár í grafískri hönnun vann í samstarfi við Þjóðminjasafnið og hönnunarstofuna Gagarín, rannsókn og efni fyrir gagnvirka sýningu um eitt af elstu torfhúsum sem varðveitt hafa verið á Íslandi, Keldur á Rangárvöllum. Stafrænar áherslur voru stór hluti af miðlunarleiðum en val miðla og aðferða í námskeiðum hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár í verkefnum námsbrautarinnar.

Cirrus málþing í Tallinn.

Akademískir starfsmenn í námsleið grafískrar hönnunar tóku þátt í þingi um rannsóknir í grafískri hönnun í EKA í Tallinn þar sem þau kynntu jafnframt rannsóknir sínar. Á þinginu var fjallað um sagnfræðilega skrásetningu á grafískri hönnun, ábyrgð hönnuða í framsetningu á tölulegum gögnum og sögulegu efni. Fjallað var um listamenn og grafíska hönnuði sem litið hefur verið fram hjá í gegnum söguna og verk þeirra og hlutverk sett í samhengi við nútímann.

Rauði kross Íslands, Misbrigði

Verkefnið *Misbrigði* er unnið af nemendum í fatahönnun á öðru ári í samstarfi við fatasöfnun Rauða kross Íslands. Verkefnið snýr að sjálfbærni og endurnýtingu textíls þar sem notaður fatnaður er enduruninn og settur í nýtt samhengi. Afraksturinn er síðan sýndur á tískusýningu að hausti. Að henni lokinni vinna nemendur að annarri miðlun verka sinna með ljósmyndatækni og uppsetningu í rými. Þetta var níunda árið sem verkefnið fer fram og hefur áhugi í samfélaginu á því elfst frá ári til árs.

Farvegir og form

Nemendur á þriðja ári í grafískri hönnun, undir leiðsögn Hrefnu Sigurðardóttur, unnu sjónræna farvegi fyrir BA ritgerðarefni sín í námskeiðinu Farvegir og form. Markmið námskeiðsins er að efla nemendur sem rannsakendur og styðja þau til að nota fjölbreyttar aðferðir til miðlunar. Lýkur námskeiðinu með útgáfu bókar og vefsíðu sem inniheldur rannsóknir nemenda, auk plakata og myndbanda.

MA hönnun.

Vorönn 2023

MA sýning útskriftarnema

Sýning meistarnema í hönnun fór fram í sýningarrými gömlu áburðarverksmiðjunnar í Gufunesi og bar yfirskriftina *The Relative Size of Things in a Landscape*. Sýningarstjórn var í höndum Johönnu Seelemann.

Haustönn 2023

Nýrri útgáfu af alþjóðlegu meistaranámi í hönnun sem ber heitið MA Design and New Environments (Hönnun, umhverfi og áskoranir, MA í hönnun) var ýtt úr vör að loknu gæðamati og endurskoðun. Í náminu vinna nemendur með loftslags- og umhverfismál með aðferðum hönnunar. Ísland, náttúra og auðlindir, eru einstök rannsóknarstofa námsins þar sem uppbygging kerfa og hönnunarmöguleikar í náttúrulegu og manngerðu umhverfi eru rannsakaðir og þróaðir. Áhersla er á samstarf við fyrirtæki og stofnanir og tengsl við samfélagið og hófst önnin með samstarfsverkefni við Svefneyjar á Breiðafirði þar sem vistkerfi eyjanna var rannsakað og kortlagt.

Beyond e-Textiles: Nordic network on smart light-conversion textiles beyond electric circuits er norrænt samstarfsverkefni, styrkt af NordForsk sem hönnunardeild er þátttakandi að. Verkefnið snýr að rannsóknum á möguleikum textílefna, m.a. hvernig efni bregðast við umhverfispáttum og geta unnið með og bætt aðstæður í framtíðinni. Á haustmánuðunum ferðaðist samstarfshópurinn til Íslands og sýndi inntak verkefnisins í húsnæði LHÍ, Þverholti og stóð að fyrirlestradagskrá og vinnustofum um framtíðar notkunarmöguleika textílefna.

Samstarfsaðilar eru Aalto University, Finnlandi, University of Turku, Finnlandi, VIA University College, Danmörku, University of Borås, Svíþjóð og LHÍ.

Fyrirlestraröð - MADNE

- MA design and New Environments hélt úti fyrirlestraröð um loftslags- og umhverfismál út frá aðferðum hönnunar á haustmánuðum. Fyrirlestrar voru:
 - ORF: Í fyrirlestrinum fjallað Björn Örvar, forstjóri Orf Líftækni, um möguleika erfðatækni nytjaplantna og þróun og framleiðslu á vaxtaþáttum fyrir vistkjöt.
 - HRINGVARMÍ: Justine Vanhalst, meðstofnandi sprotafyrirtækisins Hringvarmi fjallaði um frumkvöðla-

starf í hringrásarhagkerfinu og möguleika með grænmetis- og ávaxtaræktun í endurvinnslu frávarma frá gagnaverum.

- ISABELLE DAERON: Franski hönnuðurinn Isabelle Dæron deildi innsýn og aðferðafræði sem hún hefur þróað til að sýna virkni flókinna kerfa með myndskreytingum og hönnunarinnsetningum.
- DEBBIE CHEN: Debbie Chen, lektor í arkitektúr við Rhode Islands School of Design talaði um upplýsingahönnun og myndrænar aðferðir til að útskýra og vísindalegar upplýsingar og kerfi.
- STUDIO DUNGEON & DESIGN: Hönnuðirnir Pauline Rip og Jona Hejduk fjölluðu um frásagnarhönnun í fyrirlestri sínum, efnislegar goðsagnir og hönnun óhlutbundins menningararfs.

Fyrirlestraröð, Sneiðmynd og Gestagangur 2023, fyrirlesarar:

- Adam Flint
- Fraser Muggeridge
- Antonía Bergþórsdóttir
- Anna Diljá Sigurðardóttir
- Brynhildur Pálsdóttir, Magnea Guðmundsdóttir, TERTA og Elliðaárstöð,
- Sophie Skach
- Martina Muzi
- Uta Reichardt

MYNDLISTARDEILD

Nám við myndlistardeild veitir nemendum tækifæri til þess að kanna fjölbreyttar aðferðir við listsköpun og rannsóknir í vinnustofum, fræðanámi og á verkstæðum. Nemendur í BA námi fara í gegnum námskeið sem byggja undir grunnþekkingu á aðferðum og nálgun í myndlist og hafa á námstímanum kost á því að velja sér námskeið sem leggja sérstaka áherslu á tímatengda-, tvívíða- og þrívíða miðla. Í gegnum námið eru nemendur hvattir til skapandi og gagnrýnnar sjálfstæðrar hugsunar sem skilar sér með markvissri framsetningu á verkum og skilningi á marglaga samhengi hluta í samtímanum.

Tveir þriðju hluti náms við deildina er verklegt en einn þriðji fræðilegs eðlis sem fléttast í gegnum námið í forni skyldu og valnámskeiða. Vorönn í BA námi markast af valnámskeiðum fyrir 1. og 2. ár en önninni lýkur með vinnustofum með áherslu á sjálfstæða vinnu. Þriðja árs nemendur skila BA ritgerð í janúar og sækja ýmist vinnustofu á landsbyggðinni, eða vinnustofu í borginni sem á sér stað á Árbæjarsafni, sem undanfara BA verkefni sem varir út önnina og raungerist með opnun BA sýningar í Listasafni Reykjavíkur. Haustönn hverfist um inngangsnámskeið fyrir 1. ár, sérhæfð miðlatengd námskeið fyrir 2. ár og vinnustofu á 3. ári þar sem nemendur vinna að einkasýningu ásamt því að skrifa BA ritgerð. Fræðanámskeiðin miða að því að byggja sameiginlegan grunn á þeim kenningum sem myndlist í samtímanum markast af auk valnámskeiða. Á vorönn sækja MA nemar á 1. ári verkleg námskeið í myndlist og sýningargerð. Námskeiðin fela m.a. í sér staðbundin samstarfsverkefni með nemendum í Listfræði í HÍ sem lýkur með sýningu en sýningargerðarnemendur sýningarstýra samsýningu í Listasafni Reykjanesbæjar og taka þátt í starfsnámi á listastofnunum á borð við Listasafn Reykjavíkur og Listasafn Íslands. Jafnframt sækja nemendur val og skyldu í fræðanámskeiðum. Á vorönn á 2. ári setja myndlistarnemendur upp einkasýningu í galleríum deildarinnar og samsýningu í lok námsins en sýningin fer fram í Nýlistasafninu. Sýningargerðarnemar vinna einstaklingslega að og raungera sýningu/verkefni sem eiga sér stað á fjölbreyttum vettvangi, myndlistarrýmum, internetinu og víðar. Nemendur á báðum námsleiðum í MA á 2. ári vinna að og skila MA ritgerð.

Á haustönn sækja MA nemar á 1. ári verkleg námskeið ásamt því að sækja málstofur, fræði og valnámskeið. Á 2. ári vinna nemendur í myndlist og sýningargerð jöfnum höndum að verklegum námskeiðum með fræðilegri kennslu og ritgerðarskrifum.

Vinna nemenda fer fram á fjölbreyttum vettvangi sem tekur mið af viðfangsefnum hvers og eins og stuðlar nám við deildina að því að fólk finni sína eigin nálgun sem studd er af fjölbreyttum námskeiðum bæði kjarna og vali. Nemendur hafa sína eigin vinnustofu á heimasvæðum sínum í deildinni og er vinnustofan kjarni námsins, þar sem þróun verka fer fram í samtali við kennara og gesti.

Utanaðkomandi fagaðilar eru valdir til hlutverka prófdómara í MA og BA verkefnum ár hvert og eru það leiðandi einstaklingar af fagsviðinu sem ekki hafa kennt þeim nemendahóp sem er að útskrifast og veita einstakt tækifæri til endurgjafar þar sem útskriftarverk eru sett fram á opinberum vettvangi. Allar helstu upplýsingar um starfsemi myndlistardeildar má finna í útskriftarbók sem deildin gefur út ár hvert. Þar er gott yfirlit um verkefni útskriftarnemenda, hugleiðingar sýningarstjóra MA og BA útskriftarsýninga og kennara við námsleiðirnar auk yfirlits yfir stundakennara á skólaárinu.

Tíu akademískir starfsmenn í átta stöðugildum eru fastráðnir við deildina að deildarforseta meðtöldum. Haustið 2022 var einn akademískur starfsmaður í leyfi og aðjúntk ráðinn inn til eins árs. Tugir stundakennara og gesta sinna kennslu við deildina á hverri önn í lengri og styttri námskeiðum.

Fyrirlestraröð myndlistardeildar árið 2023

Vor

- Hrafnhildur Ósk Magnúsdóttir
- Finnbogi Pétursson
- Chloe Lewis og Andrew Taggart
- Kevin Atherton

Haust

- Dr. Ynda Eldborg: Queer curatorship – A Story of Victories
- Egill Sæbjörnsson: Art as Object Species
- Hye Joung Park: Search for Unknown Spaces
- Vikram Pradhan: Embracing Complexity – Information arts and speculative design in a multidimensional world
- Hekla Dögg Jónsdóttir: Núlleyja – sjónrænt samtal við samtímamann þá og nú

Samstarf við fagvettvang myndlistar

Myndlistardeild er aðili að fjölbreyttu samstarfi og situr starfsfólk í ýmsum ráðum og nefndum utan skólans og sinnir trúnaðarstörfum á fagvettvangi myndlistar, rannsókna og vísinda innan lands og utan.

Íslensku myndlistarverðlaunin 2023

Myndlistardeild skipar árlega aðila í dómnefnd íslensku myndlistarverðlaunanna.

Tímaritið Myndlist á Íslandi: 3. tölublað

Myndlistarráð, Myndlistarmiðstöð, Samband Íslenskra Myndlistarmanna, Myndlistardeild LHÍ og Listfræðafélag Íslands standa að útgáfu tímarits um myndlist, sem kemur út árlega við tilefni veitingu Myndlistarverðlaunanna og inniheldur m.a. kafla þar sem fjallað er um tilnefnda listamenn og verk þeirra. Ritið er gagnrýninn vettvangur fyrir greiningu og umfjöllun um myndlist á Íslandi og inniheldur ritstýrt efni, innsendar greinar (þar hafa starfsmenn myndlistardeildar m.a. komið að skrifum og ritstjórn greina) listaverk í pappírsgalleríi og umfjöllun um framlag Íslands til Feneýjatvíværingsins.

Umræðuþræðir

Umræðuþræðir er samstarfsverkefni Myndlistarmiðstöðvar, Listasafns Reykjavíkur og LHÍ Íslands. Allt frá árinu 2012 hefur listamönnum, fræðimönnum og sýningastjórum sem njóta viðurkenningar í hinum alþjóðlega listheimi verið boðið hingað til lands á vegum verkefnisins. Lagt er upp með að skapa vettvang fyrir alþjóðleg tengsl og umræður; gestirnir kynnast íslensku listalífi, koma að kennslu og kynna um leið eigin verk og hugðarefni. Umræðuþræðir hafa hlotið styrki m.a. frá Goethe Institute, Bandaríska sendiráðinu á Íslandi, Íslandsstofu og fleiri stofnunum innan lands og utan.

Árið 2023 kom Maria Hlavajova, listrænn stjórnandi BAK, basis voor actuele kunst í Utrecht í Hollandi til landsins á vegum Umræðuþræða.

Samstarf við söfn og sýningarstaði

Listasafn Reykjavíkur, Nýlistasafnið, Kling og Bang, Verksmiðjan á Hjalteyri, Skaftfell, Verksmiðjan á Stöðvarfirði, Listasafn Reykjanesbæjar, SÍM

Alþjóðlegt samstarf

Erasmus

Erasmus netið veitir nemendum og starfsfólki möguleika á skiptum til lengri eða skemmri tíma. Nemendur í BA námi sækja skiptinám á 2. ári og þeir skiptinemar sem deildin tekur við fylgja þeim námskeiðum sem boðið er upp á á 2. ári. Nemendur á báðum námsstigum nýta sér skiptimöguleika eftir að námi lýkur. Árið 2023 tók myndlistardeild á mót einum skiptinema á MA stigi sem vann sjálfstætt rannsóknarverkefni undir handleiðslu kennara og því ekki formlega hluti af nemendahópnum. Slík skipti geta verið spennandi kostur fyrir MA nema sem alla jafna sækja síður í skiptinám í heila önn. Kennarar myndlistardeildar fóru sum hver í skiptiverkefni erlendis á árinu, bæði í heimsóknir

KUNO

KUNO samstarfsnet listaháskóla á Norðurlöndum og Eystrasalti hefur Academy without walls / Akademía án veggja sem kjörorð sitt. Netið byggir á fjárframlögum frá þeim 18 listaháskólum og akademíum sem standa að netinu ásamt fjármögnun frá Nordplus. Netið er vel rekið og einfalt í uppbyggingu og byggir samstarfið á nemenda- og kennarskiptum, sameiginlegum námskeiðum 3 skóla sem hljóta sérstaka fjármögnun (intensive projects), námskeiðum þar sem skólar opna ákveðinn fjölda námskeiða fyrir umsóknir þvert á netið, sýningaverkefnum og árlegum fundi þar sem fulltrúar allra stofnana sem eiga aðild að netinu koma saman. Stjórn KUNO situr til fjögurra ár og er Bjarki Bragason stjórnarmaður frá haustinu 2022.

KUNO verkefni í myndlistardeild 2023

Border as a Place verkefnið (intensive project) er sameiginlegt námskeið myndlistardeildar LHÍ, Listaháskólans í

Ósló (KHIO), Eistnesku Listaakademíunnar (EKA) og Listaakademíunnar í Vilnías (VDA). Frá árinu 2019 hafa þessir skólar staðið að námskeiða syrgu sem tekið hafur fyrir jaðarsvæði í fjölbreyttum birtingarmyndum. Nemendur og kennarar hafa stundað vettvangsrannsóknir m.a. í Narva í Eistlandi á landamærum Eistlands og Rússlands (2019) og í Druskininkai í Litháen vorið 2022. Haustið 2023 hélt myndlistardeild síðasta hluta námskeiðsins og komu um 25 nemendur og 5 kennarar að verkefninu þar sem unnið var með mannöldina, það jarðsögulega tímabil þar sem manneskjan er jarðfræðilegt afl og birtist í fyrirbærum á borð við loftslagsvá og breytingar í kerfum náttúrunnar. Á viku tímabili fór hópurinn í fjölbreyttar vettvangsferðir um Reykjanes og skoðuðu staði þar sem tímaskali jarðfræðinnar og menningarinnar rekast á. Námskeiðinu lauk með málstofu í Norræna Húsinu. Tæplega 30 þúsund evra styrkur frá KUNO hlaut til framkvæmdar námskeiðsins.

Sýningarverkefni (úrdráttur)

Nemendur myndlistardeildar vinna að fjölbreyttum sýningarverkefnum á námsferli sínum.

Nemendur á fyrsta ári í MA námi í myndlist unnu að samsýningu í Verksmiðjunni á Hjalteyri um haustið, og sýningunni *Kveikjuþræðir* í lok haustannar, en að vori vinna þau að sýningu í opinberu rými (sýningin *Ásætur* í Grasagarði Reykjavíkur) í samstarfi við MA nema í sýningagerð við myndlistardeild Listaháskólans og Háskóla Íslands.

MA nemendur á 2. ári settu upp einkasýningar í galleríum deildarinnar í byrjun vorannar.

BA nemendur settu upp samsýningar um vorið við lok valnámskeiða (1. og 2. ár), í lok vorannar (opið hús 1. og 2. ár). Við lok haustannar settu 2. árs nemendur upp sýningu á Korpúlfsstöðum. Þriðja árs nemendur setja upp einkasýningar á haustönn í þremur galleríum deildarinnar, Naflanum, Huldulandi og Kubbi.

Útskriftarsýning BA nemenda vorið 2023 í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi bar heitið *Rafall* og var í sýningarstjórn Arnars Ásgeirssonar. Útskriftarsýning MA nemenda í Nýlistasafninu, Athöfn, var í sýningarstjórn Sunnu Ástþórsdóttur. MA nemendur í sýningagerð luku útskriftarverkefnum sínum með sýningum sem fóru fram á eftirfarandi stöðum: Sóttvarnarhúsinu í Ánanaustum (Sagan mótar, nemandi: Emilie Dalum), Byggðarsafninu í Görðum á Akranesi (Og svo henti lítið atvik, nemandi: Sara Hjördís Blöndal), Gróttuvita (15 nautical miles, nemandi: Iona Jasija Poldervaart) og Arnarhlíð 1 (Lungamjúkir skuggar, nemandi: Sunna Dagsdóttir).

**Af hverju er sköpun
mikilvæg?**



SVIÐ AKADEMÍSKRAR ÞRÓUNAR

Svið akademískrar þróunar er miðlægt í starfsemi Listaháskólans; skapar stoðeiningar rannsóknar- og kennslustuðnings, alþjóða- skrifstofu, bókasafn- og upplýsingaþjónustu, verkstæði og allar meistaranámsbrautir skólans, auk listkennsludeildar þar sem boðið er nám á meistarakennslu. Sviðið leiðir og styður við þróun á námi, kennslu og rannsóknum og vinnur að þverfaglegum markmiðum háskólans, ásamt eftirfylgni með stefnu og gæðaviðmiðum í samráði við aðra stjórnendur.

Listaháskólinn hafði aðkomu að umsóknum um 18 þróunarverkefni og hlutu sjö þeirra styrk. Meðal þeirra má nefna verkefni um innleiðingu á raunfærnimati til styttingar náms, þróun rannsóknar- og kennsluáhrifa í listum og listfræði í samstarfi við Hugvísindasvið HÍ og Listasafns Íslands, þróun örnáms í framleiðslu í skapandi greinum í samstarfi við Háskólann á Bifröst og verkefni sem felur í sér samstarf við Menntavísindisviðs HÍ, Háskólans á Akureyri um inn- og útgildandi háskólanám fyrir fólk með þroskahömlun.

LISTKENNSLUDEILD

Meginhlutverk listkennsludeildar er að mennta listkennara til starfa fyrir öll skólastig. Fastráðnir starfsmenn deildarinnar voru sjö í sex og hálfu stöðugildi. Auk reglubundis náms og kennslu tekur listkennsludeild átt í fjölbreyttum alþjóðlegum og innlendum samstarfsverkefnum.

Helstu verkefni, rannsóknir og samstarf

Samstarf listkennsludeildar LHÍ og UniArts í Helsinki.

Á árinu var myndaður samstarfshópur kennara við listkennsludeild og kennara við UniArts í Helsinki. Fundað var bæði í Reykjavík og Helsinki með styrkjum frá Erasmus+, þar sem hugmyndir hópanna voru reifaðar og lagður grunnur að áframhaldandi samvinnu með sérstakri áherslu á þróun kennslufræði fyrir háskólakennara í listum.

PIMDI

Á árinu lauk samstarfsverkefninu *PIMDI* (Pedagogy of Imaginative Dialogues) sem styrkt var af Erasmus+ áætluninni. Verkefninu, sem stýrt var af Hanzehogeschool Groningen í Hollandi, hófst sumarið 2020 og var til 36 mánaða. Samstarfskólar auk listkennsludeildar komu frá Finnlandi, Noregi og tveggja háskóla í Hollandi. Í verkefninu var varpað fram þeirri spurningu hvaða hlutverki listkennsla gæti gegnt í samfélagi sem verður sífellt fjölbreyttara og um leið pólaríseraðra. Unnið að því að þróa aðferðir fyrir myndlistarnám sem byggja á samtali og tengslum ólíkra skoðana. Verkefninu lauk í árslok 2023 og er útkoma þess í formi fræðigreina og kennsluefnis sem og nýrra námskeiða í kennaramenntun. Hluti afrakstursins má sjá hér: <https://pimdi.lhi.is/>

Mobilities on the Margins

Mobilities on the Margins / Hreyfanleiki á jaðrinum er annað þverfaglegt rannsóknar- og kennsluverkefni sem lauk á árinu og var leitt af Guðbjörgu R Jóhannesdóttur, fyrir hönd Listaháskólans. Verkefnið beindi sjónum að skapandi ferli staðgerðar og skoðaði hvernig dreifbýlissvæði, sem oft er á litið á sem óhreyfanleg og eins og frosið í tíma, verða til og þróast fyrir tilstilli menningar og náttúru. Auk LHÍ voru samstarfsaðilar verkefnisins HÍ, Álaborgarháskóli og Háskólinn í Lapplandi. Afrakstur þess má sjá hér: <https://link.springer.com/book/10.1007/978-3-031-41344-5#toc>.

Líkamleg gagnrýnin hugsun

Líkamleg gagnrýnin hugsun (e. Embodied critical thinking) sem er hluti af rannsóknum Guðbjargar R. Jóhannesdóttur, dósent. Verkefnið, sem hýst er við heimspekideild HÍ og styrkt af Rannsóknasjóði Vísinda og tækniráðs, er fólgið í kerfisbundinni, djúptækri og verklegri endurskoðun á gagnrýninni hugsun, bæði sem hugtaki og iðju, með beitingu nýlegra kenninga og rannsókna sem varða líkamleika og reynsluhugsun <http://ect.hi.is/workshops-and-assessment/>.

ECT verkefninu lauk á árinu en rannsóknarshópurinn sendi inn umsókn um öndvegisstyrk Rannís í júní 2023 og var veittur styrkur í janúar 2024 til að hefja nýjan fasa í verkefninu, *Frelsi til merkingarsköpunar: Líkamlegar reynslubundnar rannsóknir*, nú í auknu samstarfi við LHÍ sem mun hýsa styrkinn ásamt heimspekideild/Hugvísindasviði HÍ. Fjölmargir alþjóðlegir aðilar koma einnig að verkefninu.

Guðbjörg er einnig samstarfsaðili að *Training Embodied Critical Thinking* sem er þriggja ára verkefni 2023-2026 styrkt af Erasmus+ þar sem aðferðir líkamlegrar gagnrýninnar hugsunar eru kenndar í netnámskeiðum og sumarskólum. Samstarfsaðilar eru auk HÍ, Aarhus University, Bielefeld University University of Groningen, University of Ljubljana og Technion University. Vefsíða: <https://www.trainingect.com/>.

Samstarf og verkefni innanlands

Listalestin

Síðastliðin sex ár hefur deildin verið í samstarfi við List fyrir alla, sem er barnamenningarverkefni á forræði Menningar- og viðskiptaráðuneytisins. Verkefnið ber heitið *Listalest Listaháskóla Íslands*. Samstarfið felur í sér að nemendur deildarinnar skipuleggja þverfaglegar vinnusmiðjur fyrir unglinga í skólum á landsbyggð-

inni, fara á staðinn og vinna með nemendum í 2-3 daga og setja upp sýningu. Frá 2020 voru verkefni gerð aðgengileg á vef List fyrir alla og eru þar í gagnabanka sem kennarar á öllu landinu geta nýtt sér í kennslu. Sjá hér: <https://veita.listfyriralla.is/listalestin/>.

List fyrir alla er einnig hluti af Erasmus+ samstarfsverkefninu „The WOW Experience“ þar sem unnið var að því að efla hlut nemenda í vali á, og skipulagningu listviðburða í skólum. Kristín Valsdóttir, deildarforseti fylgir ferlinu eftir hér á landi sem rannsakandi.

Samstarf við HA

Árið 2021 var undirritaður samningur milli Listaháskólans og Háskólans á Akureyri sem kvað á um umsjón listkennsludeildar og kennslu tveggja námskeiða í listgreinum við kennaradeild HA. Samningurinn var endurnýjaður og hefur kennsla og úrfærsla námskeiðanna tekist mjög vel að mati allra aðila. Stefnt er á áframhaldandi samvinnu háskólanna.

Tengsl við vettvang

Vettvangsnám er stór hluti af námi í listkennsludeild og er því samstarf deildarinnar og margra tónlistar-, leik-, grunn- og framhaldsskóla. Nemendur fá þar tækifæri til að spreyta sig í kennslu á vettvangi. Listkennsludeild Listaháskóla Íslands hefur undanfarin ár einnig boðið upp á listnámskeið fyrir áhugasama krakka í 4.- 6. bekk þar sem nemendur kenna undir leiðsögn kennara við deildina.

Nokkur námskeið voru í boði fyrir starfandi kennara í gegnum Opna LHÍ.

Kennarar deildarinnar héldu einnig utan um nokkur starfsþróunarnámskeið fyrir kennara meðal annars á vegum Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar í ágúst 2023.

Listkennsludeild gerðist árið 2022 aðili að samstarfsvettvangi um innleiðingu STEAM náms og kennslu á framhaldsskólastigi í samvinnu við Menntaskóla Borgarfjarðar og er sú samvinna enn í gangi.

Auk ofantaldra verkefna eru starfsmenn deildarinnar í fjölmörgum nefndum og ráðum á vegum Barna- og menntamálaráðuneytisins og fleiri aðila sem tengjast kennaramenntun. Má nefna m.a. Kennararáð, ráðgjafanefnd um nýliðun kennara, stýrihópi Menntafléttu og Menntamiðju o.fl.

Útskriftarviðburðir

Listkennsludeild og Borgarbókasafnið í Gerðubergi gerðu með sér samning 2021 um að útskriftarviðburðir deildarinnar fari fram í húsakynnum Borgarbókasafnsins í Gerðubergi. Útskriftarviðburður deildarinnar fór fram í Gerðubergi 12. og 13. maí og voru opnir almenningi. Útskriftarviðburður að hausti var 8.september. Á árinu voru útskrifaðir 37 nýir kennarar.

Rannsóknarstofa í listkennslufræðum (RíL) framfylgir rannsóknarstefnu listkennsludeildar. RíL styður við rannsóknarverkefni deildarinnar og skapar vettvang til miðlunar, meðal annars með fyrirlestraröð. Auk neðantaldra fyrirlestra var fagaðilum innan velferðageirans boðið til opins samtals í Safnahúsinu um nýja námsbraut á meistarastigi: Listir og velferð. Í tengslum við samtalið voru sýnd verk sem voru afrakstur námskeiðs úr nýju námslínunni sem unnin var með gestum og starfsfólki Vin sem er dagsetur fólks með geðraskanir.

- Farsæld sem markmið menntunar. Kristján Kristjánsson, prófessor við Háskólann í Birmingham
- Samfélagsleikhús með börnum - Aðferðir og verkfæri. Hrefna Lind Lárusdóttir og Salvör Gullbrá Þórarinsdóttir, listrænir stjórnendur Krakkaveldis og sviðslistakonur.
- Connecting the Dots. David Chocron multimedia artist and composer. Í samstarfi við BIG BANG, List fyrir alla, Tónlistarborgin Reykjavík, Barnamenningarhátíð og Reykjavíkurborg
- Listsköpun sem vettvangur tenglsamyndunar og valdeflingar innan viðkvæmra hópa. Fríða María Harðardóttir, listgreinakennari.
- Transforming illness experience: co-creative dance practices for young cancer survivors. Sarah Pini, dósent, University of Southern Denmark.
- Tónlistarstarf með jaðarhópum: Umbreytandi áhrif tónlistar. Sigrún Sævarsdóttir-Griffiths, listrænn stjórnandi MetamorPhonics, kennari við Guildhall Listaháskólann og gestakennari við LHÍ.

STUÐNINGUR VIÐ RANNSÓKNIR

Snemma árs samþykkti fagráð uppfærða rannsóknarstefnu LHÍ, sem og nýjan matskala fyrir formlegt innramat á rannsóknarafrakstri akademísku starfsfólks með rannsóknarhlutfall.

Útgáfusjóður LHÍ veitti samtals 1,3 mkr. til þriggja verkefna akademískra starfsmanna á árinu. Sömuleiðis veitti rannsóknarsjóður LHÍ samtals 2 mkr. til sex verkefna. Undir lok árs var þremur rannsóknarleyfum úthlutað en þau hlutu Atli Ingólfsson, prófessor í tónlistardeild, Bjarki Bragason, deildarforseti í myndlistardeild og Jóhannes Dagsson, dósent í myndlistardeild.

Í apríl var haldið í annað skiptið sameiginlegur rannsóknarfundur akademískra starfsmanna undir yfirskriftinni “*On-Research: Approaches and Methods*”. Þar fjölluðu Katrín Gunnarsdóttir dósent í sviðslistadeild, Katrín María Káradóttir, prófessor í fatahönnun og Massimo Santanicchia PhD og deildarforseti arkitektúrs um valin verkefni með áherslu á þeirra rannsóknaraðferðir. Viðburðurinn er liður í því að hlúa að rannsóknarsamtali innan skólans og styðja við þróun og eflingu rannsóknarmenningar á fræðasviði lista.

Hugarflug, árleg rannsóknarráðstefna Listaháskólans, var haldið dagana 9. og 10. febrúar. Yfirskriftin var *Margfeldi framtíðar – Collective Futures*. Lykilfyrirlesari var Philip Kitcher heimspekingur og flutti hann erindi sitt fyrir fullum sal gesta í Laugarnesi.

Vísindavaka Rannís var haldin í Laugardalshöll laugardaginn 30. september. LHÍ kynnti þar þrjú rannsóknarverkefni starfsmanna skólans, frá jafn mögum deildum.

Þriggja ára rannsóknarverkefni Árna Heimis Ingólfsson, styrkt af Vísinda- og tækniráði, var hýst við háskólann, n.t.t. *Tónlistarmenn í útleð frá Þýskalandi og Austurríki og áhrif þeirra á íslenskt tónlistarlíf 1935 til 1974* en því lauk formlega undir árslok.

Rannsóknarverkefnið *Snjallhljóðfæri: að skilja gervigreind 21. aldar gegnum skapandi tónlistartækni (INTENT)*, styrkt af Evrópska rannsóknarráðinu, hóf þriðja starfsár sitt af fimm. Mikil virkni var í verkefninu á árinu þar sem haldin voru fjölmörg námskeið, tónleikar og opnar vinnustofur. Staðið var að alþjóðlegri ráðstefnu við University of Sussex um gervigreind í tónlist og auk þess tóku starfsmenn rannsóknarstofunnar þátt í tónlistarhátíðum, rannsóknaviðburðum, ráðstefnum og í tilraunvettvangi hérlendis sem erlendis. Auk þriggja nýdaktora sem ráðnir voru í sértæk verkefni hóf þriðji og síðasti doktorsneminn störf. Fjöldi erlendra og innlendra gesta, listamanna og rannsakaenda á breiðu sviði tónlistar og vísinda sóttu viðburði verkefnisins og dvöldu í lengri eða skemmri tíma við rannsóknarstofuna í Þverholti.

STUÐNINGUR VIÐ KENNSLU OG KENNSLUÞRÓUN

Verkefnastóri kennslu hafði umsjón með áframhaldandi innleiðingu á Canvas námsumsjónakerfinu. Kerfinu tilheyra ýmis konar verkfæri sem styðja við starf kennarans. Staðið var fyrir reglubundinni fræðslu og stuðning við kennara ásamt því sem fræðsluefni var miðlað til kennara um notkun Canvas kennslukerfisins. Verkefnastjóri kennslu hefur umsjón með framkvæmd, úrvinnslu og eftirfylgni kennslumats allra námskeiða háskólans í lok annar. Árið 2023 var annað árið þar sem kennslumat birtist í Uglu og hefur þátttaka aukist milli anna með þessu nýja fyrirkomulagi. Kennslumatið er eitt af þeim tækjum sem notuð eru til þess að bæta kennslu og nám í Listaháskóla Íslands með það fyrir augum að bæta stuðning við kennara, og þjónustu og stuðning við nemendur, í samstarfi við deildarforseta.

Um haustið bauðst fastráðnum kennurum skólans áfram að sækja námskeið í kennslufræðum háskólastigsins, til 5 ECTS eininga. Námskeiðin hafa mælst vel fyrir og hefur nú verið stofnaður starfendarrannsóknahópur fyrir þá kennara sem lokið hafa námskeiðinu. Hittist sá hópur einu sinni í mánuði á vorönn og er hópurinn vettvangur til þess að ræða kennsluáhrif, þróun og rannsóknir sem kennarar Listaháskólans eru að vinna að. Handbók kennara var uppfærð og kynnt kennurum. Þar er að finna allar helstu upplýsingar fyrir kennara skólans á einum stað.

Meginreglur um gervigreind voru kynntar kennurum ásamt leiðbeiningum um notkun gervigreindar í skólastarfi. Meginreglurnar miða að því að tryggja að siðareglur skólans og ábyrg heimildarvinna séu höfð að leiðarljósi í allri notkun hvort heldur er í kennslu, rannsóknnum og námi og koma í veg fyrir mögulega misnotkun. Verkefnastjóri kennslu heldur áfram með fræðslu og stuðning við kennara þar sem þróun gervigreindar hefur verið hröð síðustu misseri og leitt til nýrra áskoranna fyrir háskólasamfélagið.

Svið akademískrar þróunar tók þátt í umsóknum um samstarf háskólanna, verkefni sem ætlað er að ýta undir öflugt samstarf háskóla á Íslandi, nýsköpun og framfarir á háskólastigi. Listaháskólinn hlaut styrki sem þátttakandi í eftirfarandi verkefnum:

- Starfsþróun háskólakennara á starfrænum tímum.
- Innleiðing raunfærnimats á háskólastigi til styttingar náms.
- Þróun sameiginlegrar námsleiðar LHÍ & HR: BA Stafræn sköpun og gagnvirk tækni.
- Meistaránám á Íslandi – samlegð og samstarf og vísindaheimar STEAM á Sögu.
- Samhæfðar lausnir á samstarfshindrunum háskóla.
- Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista.
- Rafræn miðlun fræðandi efnis um jafnréttismál.
- Rannsóknánám í listum og listfræði.
- Örnám í framleiðslu í skapandi greinum.
- Inngildandi nám á háskólastigi.

ALÞJÓÐASKRIFSTOFA

Nemendur og starfsfólk Listaháskólans tók virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi á árinu og virðist sem þátttaka sé að komast í álíka horf og fyrir ferðatakmarkanir í tengslum við heimsfaraldur.

Með nýrri Erasmus+ áætlun sem hófst 2021 komu ný tækifæri sem hafa átt stóran þátt í að breyta þeim möguleikum sem nemendum LHÍ bjóðast í alþjóðlegu samstarfi á námsferlinum. Að auki við skiptinám og starfsnám býðst nemendum að taka þátt í styttra skiptinámi og starfsnámi en áður og er það nýjung sem kennarar hafa tekið opnum örmum með nýjum námskeiðum og nýjum námsháttum. Fyrsta Blandaða hraðnámskeiðið (BIP námskeið) fór fram í Hönnunardeild í byrjun árs 2022 (sjá nánar hjá Hönnunardeild) og 28 nemendur LHÍ tóku þátt í blönduðum hraðnámskeiðum við erlenda samstarfsskóla í Erasmus+ á netinu. Nemendur sem fóru í skiptinám voru alls 72 þar af 44 yfir heila önn eða lengur. Alls nýttu 46 nemendur sér starfsnámsstyrki Erasmus+, þar af 32 eftir útskrift og aðrir í styttra eða sumarstarfsnámi. Starfsmannaskipti tóku enn betur við sér en árið áður og tóku 65 kennarar og starfsmenn þátt í kennara og starfsmannaskiptum þar af voru 11 gestakennarar og sérfræðingar af fagvettvangi sem kenndu við deildir skólans.

Nýtt alþjóðlegt samstarfsverkefni leit dagsins ljós í Sviðslistadeild, verkefnið hlaut Erasmus+ styrk í flokknum Nám og þjálfun, KA171 og er til þriggja ára. Dadom, samstarfsverkefni í tónlistardeild hélt áfram góðu gengi og umsókn Hönnunardeildar um samstarfsverkefni KA220 hjá Erasmus+ fékk jákvæð svör, en nánar verður greint frá því í ársskýrslu næsta árs. Nánari grein er gerð fyrir alþjóðlegum samstarfsverkefnum í annálum deilda.

Þrjátíu nemendur tóku þátt í stuttum námskeiðum hjá samstarfsskólum LHÍ í Nordplus netunum, þetta voru bæði námskeið sem einstakir nemendur sóttu um en einnig ferðuðust nokkrir litlir hópar með kennara til að taka þátt í stærri námskeiðum hjá samstarfsskólum í Nordplus netunum.

Á alþjóðaskrifstofu starfa tveir starfsmenn.

BÓKASAFN

Bókasafn LHÍ er háskólabókasafn, stærsta sérfræðisafn landsins á sviði listgreina og er hlutverk safnsins að veita nemendum og starfsfólki, auk annarra sem til skólans leita, aðgang að fjölbreyttu efni um listir og menningu.

Árið 2023 voru ný eintök safnsins rúmlega 500 talsins en einnig bættist fjöldi gjafabóka við safnkostinn. Heildarfjöldi eintaka í safnkostinum telur nú um 70.000 eintök.

Í Þverholti er aðstaða til bæði einstaklings og samvinnu sem og fyrir smáa viðburði. Aðstaða safnsins í Laugarnesi er þröng, þar er mikið magn rita, sem er mjög þétt raðað og því takmarkað rými fyrir vinnu á safninu og með safngögnin.

Áhersla er lögð á fræðslu í upplýsingalæsi, upplýsingaleit og heimildavinnu. Fræðsla fyrir nemendur, nýnema sem og lengra komna í námi fór fram í kennslustundum á safninu í Þverholt en einnig voru haldnir fræðslufundir á netinu m.a. fyrir erlenda nemendur og skiptinema.

Í ritveri er veitt ráðgjöf í upplýsingaleit og heimildavinnu, viðtalstímar eru bókaðir í gegnum vef bókasafnsins. Þá bjóða fræðakennarar upp á opnar vinnustofur þar sem nemendur fá ráðgjöf varðandi uppbyggingu ritgerða, gerð rannsóknasurninga og um textagerð í fræðilegum skrifum.

Safnið er þátttakandi í samstarfshópi á vegum stjórnenda háskólabókasafna um upplýsingalæsi og var meginverkefni hópsins á árinu að vinna að vef um upplýsingalæsi, en verkefnið er styrkt af Bókasafnasjóði. Þá tók bókasafnið þátt í alþjóðlegri viku opins aðgangs ásamt öðrum háskólabókasöfnum. Vikan var haldin dagana 23. til 29. október, þemað að þessu sinni var „Samfélag fram yfir markaðsvæðingu“ og alla daga vikunnar var boðið upp á fjölbreytta fyrirlestra og málstofu.

Ánægjulegt er hve vel kennarar nýttu setustofu safnsins í Þverholti til hópkenndu og viðtala auk þess sem alþjóðaskrifstofan, deildirnar og nemendur notuðu aðstöðuna fyrir viðburði af ýmsu tagi.

VERKSTÆÐI

Listaháskóli I Listaháskóli Íslands rekur tíu verkstæði í tveimur byggingum; trésmíði, málmsmíði, mótun, grafík, innrömmun, video, ljósmyndun, textílprent, stafræna vinnslu og gagnvirkni. Auk þess eru starfrækt vinnurými tengd námsbrautum, s.s. málarasalur og stafrænt prentver.

Verkstæðin eru rekin sem sjálfstæð eining innan sviðs akademískrar þróunar og þjóna nemendum þvert á deildir. Störf á verkstæðum fela annars vegar í sér umsjón með daglegum rekstri og hins vegar kenndu sérfræðinga. Í sumum tilfellum sinnir sami starfsmaður þessum hlutverkum en í öðrum tilfellum er verkskipting meiri. Nemendur sækja bæði námskeið á verkstæðum og vinna þar sjálfstætt að verkefnum innan annarra námskeiða. Þau eru ekki síður hugsuð sem staður fyrir umræður, nýjar hugmyndir og skoðana-skipti milli kennara og nemenda þvert á námsstig og deildir.

Verkstæðin tengjast fagvettvangi lista- og hönnunar með aðkomu kennara, gestalistamanna og rannsakenda bæði af fagvettvanginum og úr akademíunni. Helstu verkefni ársins voru að endurnýja ýmsan tækjakost, sérstaklega á trésmíðaverkstæði og í videoveri. Aukin aðsókn hefur verið í videover, sérstaklega hjá nemendum kvikmyndadeildar en einnig úr sviðslistadeild, arkitektúr-, hönnunar og myndlistardeild.



REKSTUR, FJÁRMÁL OG STOÐÞJÓNUSTA

REKSTUR OG FJÁRMÁL

Rekstur Listaháskóla Íslands var í jafnvægi árið 2023 og gengu áætlanir eftir í stórum dráttum. EBITDA var 36,1 milljón króna en stefnt er að því að hækka hana verulega á næstu árum og leggja aukna áherslu á styrkingu innviða. Tæplega 15 milljóna króna hagnaður varð af rekstri og bætist hann við eigið fé skólans, sem stóð í 122 milljónum króna í lok ársins.

Á árinu 2023 skýrðist margt í ytra rekstrarumhverfi Listaháskóla Íslands. Þar ber fyrst að nefna undirritun nýs þjónustusamnings um kennslu og rannsóknir á milli Listaháskóla Íslands og háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðuneytis. Samningurinn gildir út árið 2027 og tryggir rekstur Listaháskólans næstu ár. Haustið 2023 kynnti háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, nýtt fjármögnunarlíkan háskóla til sögunnar. Líkanið er árangursmiðað og tekur tillit til sérstöðu Listaháskólans.

Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Tekjur úr ríkissjóði		1.806.700.000	1.652.527.555
Skólagjöld		377.232.863	360.782.030
Aðrar tekjur		37.154.968	30.157.220
		<u>2.221.087.831</u>	<u>2.043.466.805</u>
Laun og annar starfsmannakostnaður	4	(1.503.948.174)	(1.383.112.463)
Húsnæðiskostnaður		(481.916.274)	(416.882.554)
Annar rekstrarkostnaður		(199.069.070)	(186.833.819)
Afskriftir fastafjármuna	6	(39.868.442)	(43.599.134)
		<u>(3.714.129)</u>	<u>13.038.835</u>
(Rekstrartap), rekstrarhagnaður			
Fjármunatekjur		23.463.982	5.328.349
Fjármagnsgjöld		(7.541.975)	(4.122.115)
Gengismunur		2.615.754	2.298.845
	5	<u>18.537.761</u>	<u>3.505.079</u>
Hagnaður ársins		<u>14.823.632</u>	<u>16.543.914</u>

HÚSNÆÐISMÁL

Listaháskólinn starfar í sjö byggingum víðsvegar um Reykjavík. Á árinu 2023 bættist Þórunnartún 2 við húsnæðiskost skólans. Heildarstærð húsnæðis Listaháskólans í lok ársins 2023 var 14.576 fermetrar.

Stærsti óvissupáttur í rekstri Listaháskólans lýtur áfram að húsnæðismálum skólans, bæði til skemmri tíma og til framtíðar. Stefnt er að því að öll starfsemi skólans flytji í Tollhúsið við Tryggvagötu í síðasta lagi árið

2030. Þangað til er mikil óvissa um staðsetningu þar sem flestir húsaleigusamningar skólans renna út á árunum 2024 til 2027.

HÚSNÆÐI	FERMETRAR
ÞVERHOLT 11	4.127
LAUGARNESVEGUR 91	6.881
BORGARTÚN 1	535
SKIPHOLT 31	1.874
AUSTURSTRÆTI 22A	665
VÖLVUFELL (GALLERÝ)	126
ÞÓRUNNARTÚN 2	368
ALLS	14.576

GÆÐAMÁL

Föst verkefni í gæðastarfi felast í umbótamiðuðum verkefnum sem unnin er í gegnum fyrirlögn kannana, reglu-bundnu gæðamati námsleiða, söfnun og úrvinnslu lykiltalna og sjálfsmati í stofnunarúttekt.

Gæðakerfið er í stöðugri þróun og eru reglur, verkferlar og sniðmát endurskoðuð reglulega til að styðja sem best við starfsemina.

Fimm námsleiðir hófu gæðamat á árinu, þ.e. BA í vöruhönnun, BA í fatahönnun, BA í grafískri hönnun, BA í myndlist og MA í myndlist. Inntöku var hætt á einni námsleið, þ.e. námsleið í skapandi tónlistarmiðlun.

Á árinu hélt þróun á söfnun lykiltalna áfram. Meginmarkmið með þróuninni er að um samanburðarhæfar tölur verði að ræða yfir lengri tíma, að notkun þeirra verði til grundvallar í ákvarðanatöku og að einingar innan skólans verði sjálfbærar um að sækja og nýta sér lykiltölur.

KYNNINGARMÁL OG VIÐBURÐIR

Kynningarmál og viðburðastjórnun falla undir málaflokkinn en um mikinn fjölda viðburða er að ræða ár hvert frá öllum deildum skólans auk samstarfsverkefna við fyrirtæki og stofnanir. Um er að ræða viðburðastjórnun á stærri sameiginlegum viðburðum sem haldnir eru þvert á skólann en jafnframt er veittur stuðningur með ýmsum hætti við fjölmarga aðra viðburði. Stærri viðburðir eru m.a. Háskóladagurinn, útskriftarhátíð, útskrift, nýnemadagur, Hugarflug og opinn dagur.

Háskóladagurinn er stærsti einstaki kynningarviðburður sem LHÍ tekur þátt í með öllum háskólum landsins. Á deginum gefst áhugasömum umsækjendum og almenningi að sækja skólann heim og skipta gestir hundruðum ár hvert. Árið 2023 var dagurinn haldinn í LHÍ í Laugarnesi og var mjög vel sóttur, auk þess sem starfsfólk LHÍ hafði viðveru í HÍ og HR. Í kjölfarið var samskonar Háskóladagur haldinn á Akureyri þar sem LHÍ kynnti einnig námsframboð.

Útskriftarhátíðin 2023 var haldin á vormánuðum en til hátíðarinnar heyra allir útskriftarviðburði skólans sem skiptu að venju tugum. Hátíðin er öllu jafna mjög vel sótt og var árið 2023 engin undantekning hvað áhuga almennings á útskriftarefnum LHÍ varðar, en að þessu sinni sóttu tugir þúsunda viðburðina.

Opinn dagur var haldinn í október og tóku nemendur LHÍ virkan þátt í þeim viðburði, bæði í undirbúningi hvoru tveggja hvað varðar undirbúning á dagskrá og framkvæmd dagsins. Á opnum degi er opnað inn í allar deildir

skólans og höfðað sérstaklega til nemenda í framhaldsskólum að heimsækja deildir, kynna sér námsframboð og verk nemenda og aðstöðu.

MANNAUÐSSTJÓRNUN

Af föstum verkefnum í mannauðsstjórnun var umfangsmest vinna við nýráðningar, þróun kennslulíkans og viðhald jafnlaunakerfis.

Meðalfjöldi stöðugilda fastráðinna á árinu 2023 var 109,8, en alls störfuðu um 145 einstaklingar á tímabilinu. Stöðugildin skiptust þannig að akademísk stöðugildi (kennsla og verkstæði) voru 72,9 og önnur stöðugildi (stoðsvið og bókasafn) voru 36,8.

Á árinu voru birtar 14 auglýsingar um störf laus til umsókna. Um var að ræða tíu auglýsingar um akademísk störf, þar á meðal starf rektors, og fjórar auglýsingar um störf á stoðsviðum. Umsækjendur voru alls 288 og lauk ferlum með ráðningu 13 nýrra starfsmanna.

Framgang í starfi hlutu tveir akademískir starfsmenn.

LHÍ stóðst fjórða árið í röð úttekt á jafnlaunakerfi sínu og var niðurstaða úttektarstjóra iCert sú að jafnlaunakerfi LHÍ uppfyllir kröfur staðalsins ÍST 85:2012. Niðurstaða úttektarinnar var að árangur vöktunar og mælinga á jafnlaunakerfi LHÍ er jákvæður m.t.t. jafnlaunamarkmiða LHÍ. Niðurstaðna launagreiningar sýndi ómarktækan mun á milli kynja (0,029%) þegar tekið er mið af föstum launum starfsfólks.

Hafin var notkun á kennslulíkani sem áætla fjölda vinnustunda sem hópnámskeið fá úthlutað. Meginmarkmið vinnunnar er að líkanið sé einfalt í notkun, byggji á fáum mælikvörðum og gæti að jafnræði við úthlutun stunda. Samhliða líkaninu var gefin út verðskrá vegna annarra akademískra kennslustarfa en hóp-kennslu.

NÁMS– OG STARFSRÁÐGJÖF

Meginmarkmið náms- og starfsráðgjafar er að efla vitund einstaklinga um viðhorf sín, áhuga og hæfileika þannig að þeir fái notið sín í námi. Jafnframt er lögð áhersla á að styrkja nemendur með því að veita stuðning tengdum tækifærum og ögrunum í námi, andlegri líðan og heilbrigðum lífsstíl, samskiptum við nemendur og starfsfólk, framtíðarsýn og tækifærum.

Á vorönn var í fyrsta skipti send út púlsakönnun nemenda LHÍ. Könnunin er unnin í samstarfi við Stúdentaráð LHÍ og verður lögð fyrir einu sinni á hverri önn. Á vorönn er námsumhverfi í deildum skoðað en á haustönn er púlsinn tekinn á nemendunum sjálfum og skólanum í heild sinni.

Mentorakerfi fyrir skiptinemendur (e. buddy system) var endurvakið eftir að hafa dottið niður í Covid. Mentorakerfið er samstarfsverkefni námsráðgjafarþjónustu og alþjóðaskrifstofu þar sem skiptinemendur geta óskað eftir mentor. Staðnemendur bjóða sig fram í hlutverk mentora og eru skiptinemendum innan handar.

Að lokum má nefna að áframhaldandi samstarf hefur verið á milli námsráðgjafarþjónustu LHÍ og námsbrautar meistaranáms í klínískri sálfræði við Háskólann í Reykjavík þar sem nemendum LHÍ bauðst m.a. þátttaka í námskeiðinu Mér líður eins og ég hugsa.

NÁMSÞJÓNUSTA / NEMENDASKRÁ

Námsþjónusta hefur það meginhlutverk að sjá um umsýslu á námsskráningum og öðrum verkefnum sem

tengjast námi nemenda. Teymi námsþjónustu er uppbyggt af deildarfulltrúum og forstöðumanni námsþjónustu. Teymið sér um dagleg verkefni eins og viðhald og skráningar í námskerfi, kennsluskrá, launaskráningar stundakennara og stundatöflukerfi. Deildarfulltrúar sinna einnig upplýsingagjöf til nemenda um námsframboð og móttöku nýnema og skiptinema. Teymið heldur einnig utan um miðlæg verkefni eins og umsóknar- og inn-tökuferli og gerð útskriftargagna.

Forstöðumaður námsþjónustu kemur einnig að verkefnum sem tengjast stjórnslu skólans og gæðamálum, eins og endurskoðun og útgáfu skóladagatala, samantekt lykiltalna og þróunarvinnu á náms- og stundatöflukerfi skólans.

OPNI LISTAHÁSKÓLINN

Í Opna Listaháskólanum er boðið upp á opin námskeið sem eru hugsuð til símenntunar, starfsþróunar og tengslamyndunar fyrir starfandi listafólk, hönnuði og arkitekti. Einnig býðst áhugasömum listunnum að sækja opin námskeið sem kennd eru í flestum deildum skólans.

Markmiðið er að glæða áhuga almennings á listum og veita sem breiðustum hópi fólks aðgang að þeirri sérþekkingu og aðstöðu sem Listaháskóli Íslands býr yfir.

Á annan tug námskeiða var í boði hjá Opna LHÍ á árinu 2023. Flest námskeiðanna voru til eininga og kennd við listkennsludeild og tónlistardeild en auk þeirra var um að ræða sumarnámskeið til undirbúnings náms við tónlistardeild og sumarnámskeið í píanóleik.

Hlé var gert á rekstri Opna LHÍ frá hausti 2023 þar sem ráðinn var inn verkefnastjóri til að endurskoða og kortleggja starfsemi hans og hlutverk. Sú vinna er yfirstandandi og til stendur að efla enn frekar hlutverk Opna Listaháskólans frá hausti 2024.

UPPLÝSINGATÆKNI

Tölvuþjónusta hefur það meginmarkmið að viðhalda og auka öryggi í net- og tölvuumhverfi skólans. Helstu verkefni nýliðins árs voru eftirfarandi:

- Stækkun á tölvuveri í Borgartúni og uppsetning nýrrar aðstöðu í Þórunnartúni.
- Uppfærsla á tölvubúnaði í vídeóveru í Laugarnesi.
- Áframhaldandi útskipti á búnaði starfsmanna til að tryggja öryggi og þægindi fyrir starfsfólk.
- Samhæfing á búnaði í kennslustofum.
- Skólinn tók upp CheqRoom lausn sem heldur utan um lánsbúnað skólans og gerir nemendum kleift að panta búnað í gegnum snjallforrit. Þjónustufulltrúar í öllum húsum hafa fengið þjálfun í notkun á CheqRoom sem er hugsuð sem framtíðarlausn í útlánum á búnaði til nemenda og starfsfólks. Unnið er að því að skrá allan búnað inn í þetta kerfi, jafnt tölvur sem og annan búnað, og merkja hann með QR merkingum.
- Ferli komið á til að gera nemendum kleift að setja upp einfaldar heimasíður sem eru hýstar hjá skólanum.
- Farið var í endurnýjun á þjónum og kælingu í vélasal LHI í Þverholti auk þess var myndavélaöryggi skólans bætt til muna.
- Áframhaldandi vinna í kerfum sem við höfum verið að innleiða síðustu ár svo sem Uglu, Canvas, TermTime og SafeQ prentkerfi.

Verkbeiðnakerfi tölvudeildar hefur reynst vel og gefur aukna innsýn í verkefnastöðuna.

STJÓRN, RÁÐ OG NEFNDIR

Miðað er við skipan í lok árs 2023.

Stjórn Listaháskóla Íslands

Stjórn Listaháskóla Íslands fer með æðsta ákvörðunarvald innan skólans og yfirumsjón málefna er varða skólann í heild. Stjórn Listaháskólans er skipuð fimm einstaklingum til þriggja ára í senn, og hefur enginn þeirra framfæri sitt af starfi við skólann eða stundar nám við hann. Háskólaráðherra tilnefni tve einstaklinga í stjórnina en þrír eru kjörnir á aðalfundi Baklands Listaháskóla Íslands. Stjórn hittist mánaðarlega yfir skólaárið.

- Magnús Ragnarsson, stjórnarformaður, fulltrúi ráðuneytis
- Guðrún Björk Bjarnadóttir, varaformaður, fulltrúi Baklands LHÍ
- Sigrún Lilja Guðbjartsdóttir, fulltrúi ráðuneytis
- Karen María Jónsdóttir, fulltrúi Baklands LHÍ
- Hildur Gunnlaugsdóttir, arkitekt, fulltrúi Baklands LHÍ
- Jóhann G. Jóhannsson, leikari, varamaður Baklands

Bakland Listaháskóla Íslands

Bakland LHÍ tók yfir starfsemi Félags um Listaháskóla árið 2016. Markmið Baklandsins er að efla og styrkja Listaháskóla Íslands og tryggja tengsl skólans við listamenn, menningarstofnanir og atvinnulíf og stuðla að faglegri umfjöllun um listir og samfélag. Bakland kys þrjá af fimm stjórnarmönnum Listaháskóla Íslands og hefur jafnframt það hlutverk að móta sér stefnu og markmið til stuðnings við starfsemi skólans á hverjum tíma.

- Hlynur Helgason, formaður
- Gunnar Andreas, gjaldkeri
- Þorlákur Einarsson, ritari

Framkvæmdaráð

Framkvæmdaráð fjallar um sameiginleg málefni Listaháskólans, m.a. gæðastjórnun og skipulag skólafélagsins, fjármál og rekstur, húsnæði og aðstöðu. Framkvæmdaráð undirbýr tillögur að stefnu fyrir skólann í helstu málefnum og er bakhjarl rektors í daglegri stjórn. Jafnréttisnefnd og umhverfisnefnd heyra undir framkvæmdaráði sitja, auk rektors, framkvæmdastjóri, sviðsforsetar og forstöðumaður háskólaskrifstofu. Aðrir sitja fundi ráðsins eftir því sem tilefni gefa til. Rektor stýrir fundum framkvæmdaráðs. Fundir eru öllu jafna einusinni í viku.

- Kristín Eysteinsdóttir, rektor
- Haukur Björnsson, framkvæmdastjóri
- Eva María Árnadóttir, sviðsforseti hönnunar, arkitektúrs og myndlistar
- Hulda Stefánsdóttir, sviðsforseti akademískrar þróunar
- Þóra Einarisdóttir, sviðsforseti tónlistar og sviðslista
- Sóley Björt Guðmundsdóttir, forstöðumaður háskólaskrifstofu, mannauðs- og gæðastjóri

Fagråd

Fagråd hefur ákvörðunarvald í akademískum málefnum, fjallar um fagleg markmið skólans, frammistöðu og gæði, og er leiðandi fyrir stjórnendur í kennslu, rannsóknum og þróun. Kennslunefnd og rannsóknanefnd heyra undir fagråd. Í fagráði sitja rektor, sviðsforsetar og deildarforsetar. Aðrir sitja fundi ráðsins eftir því sem tilefni gefa til. Rektor stýrir fundum fagráðs. Fundur er öllu jafna einu sinni, til tvisvar, í mánuði.

- Kristín Eysteinsdóttir, rektor
- Eva María Árnadóttir, sviðsforseti hönnunar, arkitektúrs og myndlistar
- Þóra Einarisdóttir, sviðsforseti tónlistar, sviðslista og kvikmynda
- Hulda Stefánsdóttir, sviðsforseti akademískrar þróunar
- Kristín Valsdóttir, deildarforseti listkennslu
- Steinunn Ketilsdóttir, deildarforseti sviðslista
- Pétur Jónasson, deildarforseti tónlistar
- Katrín Ólína Pétursdóttir, deildarforseti hönnunar
- Massimo Santanicchia, deildarforseti arkitektúrs
- Bjarki Bragason, deildarforseti myndlistar
- Steven Meyers, deildarforseti kvikmyndalistar

Sviðsråd

Á hverju sviði starfar sviðsråd sem er samráðsvettvangur innan sviðs og er sviðsforseta til fulltingis. Auk sviðsforseta

sitja í ráðinu deildarforsetar sviðsins og fulltrúar kennara, stundakennara og nemenda. Sviðsráð tilnefni fulltrúa í kennslunefnd og rannsóknarnefnd. Aðrir sitja fundi ráðsins eftir því sem tilefni gefa til. Sviðsforsetar stýrir störfum ráðsins. Fyrirkomulag funda hefur verið með þeim hætti að sviðsráðin hafa fundað sameiginlega til að tryggja samráð þvert á deildir og svið skólans. Fundur er öllu jafna tvisvar til þrisvar á önn.

Starfsemi sviðsráðs var í lágmarki árið 2023, m.a. vegna stefnumótunarvinnu Listaháskólans.

Stúdentaráð

- Elínborg Una Einarsdóttir, forseti
- Freyr Jónsson, varaforseti
- Alvin Hugi Ragnarsson, gjaldkeri
- Þórhildur Hólmegeirsdóttir, ritari
- Úa Sóley Magnúsdóttir, meðstjórnandi
- Ísar Ágúst Kristjánsson, meðstjórnandi

Hæfisnefnd

Ráðið er í akademískra stöður að undangengnu mati hæfisnefndar, en heimilt er að ráða aðjúnkta án hæfismats. Rektor staðfestir skipan hæfisnefndar. Hæfisnefnd er skipuðu tveimur föstum fulltrúum og einum fagtengdum sérfræðingi hverju sinni.

- Dr. Irma Erlingsdóttir, formaður
- Dr. Þórhallur Magnússon, fastafulltrúi

Kennslunefnd

Hlutverk kennslunefndar er að vinna að markmiðum er lúta að náms- og kennsluþróunarstefnu Listaháskóla Íslands. Í því felst að stuðla að þróun kennslu, fjölbreyttra kennsluhátta og tengslum kennslu og rannsókna. Auk þess er nefndinni falið að vinna, í tengslum við aðrar nefndir skólans, að því að tryggja gæði náms og kennslu. Kennslunefnd gerir tillögur sem miða að því að tryggja jafnræði meðal nemenda í námi og námstílhögun. Í kennslunefnd sitja verkefnastjóri kennslu sem stýrir starfi nefndarinnar, þrjú fulltrúar fastráðinna kennara skólans, einn frá hverju sviði, sviðsforseti akademískrar þróunar og tveir fulltrúi nemenda. Ályktanir nefndarinnar ber að leggja undir fagrát til samþykktar og/eða frekari úrvinnslu. Fagrát skipar kennslunefnd til tveggja ára. Skipan nemenda er til eins árs í senn. Skipan varamanns skal vera frá annarri deild en skipan aðalmanns.

- Elíza Newman Geirsdóttir, verkefnastjóri kennslu
- Hulda Stefánsdóttir, sviðsforseti akademískrar þróunar
- Vigdís Gunnarsdóttir, aðjúnkt – svið akademískrar þróunar
- Hye Joung Park, aðjúnkt, varamaður listkennsludeild
- Hildur Bjarnadóttir, prófessor, svið arkitektúrs, myndlistar og hönnunar
- Anna Dröfn Ágústsdóttir, lektor, svið arkitektúrs, myndlistar og hönnunar
- Anna María Bogadóttir, dósent, svið arkitektúrs, myndlistar og hönnunar
- Hannes Óli Ágústsson, aðjúnkt, svið tónlistar, sviðslista og kvikmynda
- Andrés Þór Guðlaugsson, aðjúnkt, varamaður tónlistar
- Sandra Dögg Þorsteins, fulltrúi stúdenta
- Fanney Vala Arnórsdóttir, fulltrúi stúdenta
- Hrafnhildur Eva Guðmundsdóttir, varamaður stúdenta

Rannsóknarnefnd

Hlutverk rannsóknarnefndar er að vinna að markmiðum er lúta að rannsóknarstefnu Listaháskóla Íslands. Rannsóknarnefnd starfar í umboði fagrát, sem felur nefndinni að fjalla um skilgreind mál sem lúta að uppbyggingu rannsóknarstarfs innan skólans. Í því felst að stuðla að þróun rannsóknarmenningar og fjölbreyttra rannsóknaraðferða lista auk þess að styðja við framkvæmd innra mats rannsóknarafraksturs akademískra starfsmanna. Þá er nefndinni falið að vinna, í tengslum við aðrar nefndir skólans, að því að tryggja gæði rannsóknarstarfs og tengsl rannsókna og kennslu. Ályktanir nefndarinnar ber að leggja undir fagrát til samþykktar og/eða frekari úrvinnslu. Fagrát skipar rannsóknarnefnd til tveggja ára. Skipan nemenda er til eins árs í senn. Skipan varamanns skal vera frá annarri deild en skipan aðalmanns. Í rannsóknarnefnd sitja verkefnastjóri rannsókna sem stýrir starfi nefndarinnar, þrjú fulltrúar fastráðinna kennara skólans, einn frá hverju sviði, sviðsforseti akademískrar þróunar og einn fulltrúi nemenda.

- Elín Þórhallsdóttir, verkefnastjóri rannsókna
- Hulda Stefánsdóttir, sviðsforseti akademískrar þróunar
- Ingimar Ólafsson Waage, lektor, svið akademískrar þróunar
- Margrét Elísabet Ólafsdóttir, prófessor, svið arkitektúrs, hönnunar og myndlistar
- Einar Torfi Einarsson, prófessor, svið tónlistar, sviðslista og kvikmynda

- Berglind Laxdal, fulltrúi nemenda
- Valgerður Jónsdóttir, fulltrúi nemenda

Hugarflugsnefnd

Ráðstefnunefnd Hugarflugs hefur það hlutverk að þróa áherslur og umgjörð ráðstefnunnar hverju sinni, móta kall eftir þátttöku og velja inn þátttakendur á ráðstefnuna. Nefndin starfar náið með verkefnastjóra ráðstefnunnar að framkvæmd og útfærslu.

- Carl Boutard, myndlistardeild
- Pétur Jónasson, tónlistardeild
- Katrín Ólína Pétursdóttir, hönnunardeild
- Sahar Ghaderi, arkitektúr
- Ingimar Ólafsson, listkennsludeild
- Ása Helga Hjörleifsdóttir, kvikmyndalistadeild
- Elín Þórhallsdóttir, verkefnastjóri rannsókna

Úrskurðarnefnd um réttindamál nemenda

Úrskurðarnefnd um réttindamál nemenda Listaháskóla Íslands er æðsti úrskurðaraðili innan skólans í agamálum og málum er varða réttindamál nemenda. Úrskurðarnefnd starfar samkvæmt starfsreglum. Stjórn skólans skilgreinir nánar starfssvið nefndarinnar og setur henni starfsreglur.

- Katrín Ólína Pétursdóttir, deildarforseti
- Tryggvi M Baldvinsson, varamaður
- Kristín Valsdóttir, svið akademískrar þróunar
- Gunnþís Ýr Finnbogadóttir, varamaður
- Þorbjörg Daphne Hall, svið tónlistar, sviðslista og kvikmynda
- Hrefna Sigurðardóttir, svið arkitektúrs, hönnunar og myndlistar

Jafnréttisnefnd

Hlutverk jafnréttisnefndarinnar er meðal annars að fylgjast með stöðu jafnréttismála í Listaháskólanum og móta stefnu og áætlanir skólans í jafnréttismálum. Í nefndinni sitja fulltrúar frá starfsmönnum allra deilda skólans og fulltrúi nemenda sem kemur úr nemendaráði.

- Diljá Ámundadóttir, jafnréttisfulltrúi
- Kristjana Stefánsdóttir, tónlistardeild
- Sirra Sigrún Sigurðardóttir, myndlistardeild
- Nína Hjálmarsdóttir, sviðslistadeild

Umhverfisnefnd

Umhverfisnefnd fjallar um stöðu skólans í umhverfismálum, mótar umhverfisstefnu og gerir tillögur til þróunar á sviði vistvæns rekstrar og úrbóta í umhverfismálum innan skólans. Í mótun umhverfisstefnu skólans ber að gera ráð fyrir því að umhverfisvitund, umhverfismál og sjálfbær þróun séu þáttur í námi og vinnu nemenda.

Starfsemi umhverfisnefndar lá niðri árið 2023.

Öryggisnefnd

Öryggisnefnd skal taka til umfjöllunar mál er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Nefndin kys sér sjálf formann og ritara og skulu þeir til skiptis vera úr röðum öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða. Öryggisnefndin heldur fundi eins oft og hún sjálf telur þörf á en þó eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári.

- Hákon Kristinsson, umsjónarmaður fasteigna
- Gerður J. Jóhannsdóttir, skjalastjóri
- Elín Margot Ármannsdóttir, hönnunardeild
- Oddur Wilhelm Guðmundsson, verkstæði

Starfsþróunarsjóður akademískra starfsmanna

Markmið Starfsþróunarsjóðs kennara er að auðvelda akademískum starfsmönnum Listaháskólans að sinna sérverkefnum í grein sinni og sækja námskeið eða endurmennta sig á sínu sérsviði. Sérverkefni kennara geta verið verkefni sem tengjast listsköpun, rannsóknum, tengslamyndun eða kynningu á listgrein viðkomandi.

- Kristín Eysteinsdóttir, rektor
- Hrefna Sigurðardóttir, hönnunardeild
- Sigurður Flosason, tónlistardeild
- Jóhannes Dagsson, myndlistardeild
- Vala Ómarsdóttir, sviðslistadeild
- Vigdís Lebas Gunnarsdóttir

- Sahar Ghaderi, arkitektúrdeild

Starfsþróunarsjóður stoðsviða

Starfsþróunarsjóður stoðsviða hefur það markmið að framfylgja stefnu skólans um mannauð, með því að styðja við faglega starfsþróun og stuðla að símenntun og eflingu í starfi.

- Haukur Björnsson, framkvæmdastjóri
- Sóley Björt Guðmundsdóttir, forstöðumaður háskólaskrifstofu, mannauðs- og gæðastjóri
- Rósa Bjarnadóttir, föstöðumaður bókasafns

Rannsóknarsjóður

Hlutverk sjóðsins er að styðja við rannsóknir akademískra starfsmanna og stuðla að uppbyggingu þekkingar á fræðasviði lista. Rétt á styrkveitingu eiga fastráðnir akademískir starfsmenn með rannsóknahlutfall. Stjórn Rannsóknasjóðs er skipuð til tveggja ára í senn og í henni sitja tveir akademískir starfsmenn skólans ásamt einum utanaðkomandi aðila.

- Pétur Jónasson, aðalmaður – svið tónlistar, sviðslista og kvikmynda
- Steinunn Ketilsdóttir, aðalmaður – svið tónlistar, sviðslista og kvikmynda
- Anna Líndal, myndlistarmaður, utanaðkomandi aðili

Útgáfusjóður

Hlutverk sjóðsins er að efla útgáfustarfsemi skólans og stuðla að miðlun á verkum akademískra starfsmanna. Sjóðurinn miðar þannig að því að styrkja tengsl kennslu og rannsókna. Rétt á styrkveitingu eiga fastráðnir akademískir starfsmenn með rannsóknahlutfall.

- Snæbjörg Sigurgeirsdóttir, aðalmaður – svið tónlistar, sviðslista og kvikmynda
- Katrín María Káradóttir, aðalmaður – svið arkitektúrs, myndlistar og hönnunar
- Ragnar Helgi Ólafsson, utanaðkomandi aðili



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts